



Alþingi
Nefndasvið
Austurstræti 8-12
150 Reykjavík

Reykjavík, 31. maí 2018

Efni: Umsögn Öryrkjabandalags Íslands (ÖBÍ) um tillögu til þingsályktunar um fjármálaáætlun fyrir árin 2019-2023, þingskjal 716 -494. mál.

Öryrkjabandalag Íslands (ÖBÍ) fékk **ekki** til umsagnar þingsályktunartillögu um fjármálaáætlun fyrir árin 2019-2023 þrátt fyrir að bandalagið sé heildarsamtök fatlaðs fólks, langveikra og aðstandenda þeirra. Undir regnhlíf ÖBÍ eru 41 aðildarfélag, sem telja um 29 þúsund félagsmenn eða 9% íslensku þjóðarinnar.

Hægt er að lesa út úr fjármálaáætluninni að fjárhagsstaða ríkissjóðs sé mjög góð. Að sama skapi er ekki hægt að sjá að nýta eigi hina góðu fjárhagsstöðu til að bæta stöðu fólks sem býr við kröpp kjör eða fátækt svo sem vegna fötlunar, sjúkdóma, slysa eða atvinnuleysis. Fjármunum ríkisins er ekki forgangsraðað til þeirra sem sárast þurfa á þeim að halda.

Samningur Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks (SRFF), sem var fullgiltur í september 2016, var leiðarljós í vinnu við umsögnina og þær breytingatillögur sem settar eru fram. Lagt er til að fjármagn fari sérstaklega til innleiðingar samningsins í íslenskan rétt, þar sem lagt verður upp með það skýra markmið að lögfesta samninginn.

Í umsögninni eru ennfremur lagðar til breytingar á fjármálaáætluninni er varða hina ýmsu málaflökka, þó með fyrirvara því að framsetning fjármálaáætlunarinnar er með slíkum hætti að hún er illa sundurliðuð og erfitt er að greina hvernig fjármagn skiptist á einstaka málaflökka.

Við það tækifæri er rétt að rifja upp orð forsætisráðherra um fyrri fjármálaáætlun:

„Gallinn við hana, eins og hún er sett fram, er að hún er ekki gagnsæ, þótt það sé eitt af þeim grunngildum sem hún á að vera unnin út frá og þrátt fyrir að hana eigi að setja fram í þeim anda. Ég vitna þá til laga um opinber fjármál. Hún er ekki gagnsæ. Það er erfitt að fá upplýsingar sem liggja á bak við þær tölur sem áætlaðar eru fyrir hvern málaflokk og hvert svið. Það er algerlega

óásættanlegt að hv. þingmenn séu í raun í myrkrinu þegar verið er að taka ákvarðanir um jafn mikilvægt mál og fjármálaáætlun.“¹

Þá sagði Bjarkey Olsen Gunnarsdóttir, fulltrúi VG í fjárlaganefnd Alþingis:

„Það er einkennandi fyrir framsetningu þingmálsins að þar eru einkum birtar heildartölur, án nauðsynlegrar sundurliðunar, og bagalegt er að slegið er saman tölum um fjárfestingu og tölum um rekstrarfé í yfirlitum yfir fjárveitingar til málefnasviða.“²

Þessi orð eiga eins vel við um þá fjármálaáætlun sem nú liggur fyrir.

¹ <https://www.althingi.is/alttext/raeda/146/rad20170523T173621.html>

² <http://www.althingi.is/alttext/146/s/0809.html>

Efnisyfirlit

1.	Almennar athugasemdir	5
	Ísland ríki mannréttinda?	5
	Mannréttindasambætting.....	5
	Samráðsskylda samkvæmt alþjóðalögum.....	6
	Tillaga að breytingu:	6
	Réttindi einstaklinga, trúmál og stjórnsýsla innanríkismála.....	6
	Tillaga að breytingu:	6
	Viðmið í lögum og reglugerðum.....	6
	Tillaga að breytingu:	7
2.	Dómstólar	7
	Tillaga að breytingu:	7
3.	Æðsta stjórnsýsla	7
	Ríkisstjórn og fjármálaráðuneyti.....	7
	Tillaga að breytingu:	8
4.	Aðgengismál Aðgengi að opinberum stofnunum.....	8
	Tillaga að breytingu:	8
	Aðgengiseftirlit.....	8
	Tillaga að breytingu:	8
5.	Utanríkismál	9
	Samningur Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks.....	9
	Tillaga að breytingu:	9
	Valfrjáls bókun við samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks.....	9
	Tillaga að breytingu:	10
	Aðrir mannréttindasamningar	10
	Tillaga að breytingu:	10
	Þróunarsamvinna.....	10
	Tillaga að breytingu:	10
6.	Framkvæmdaáætlun í málefnum fatlaðs fólks.....	11
	Tillaga að breytingu:	11
7.	Heilbrigðismál.....	11
	Tillögur að breytingum:	11
	Greiðsluþátttökukerfi í heilbrigðisþjónustu	11
	Tillaga að breytingu:	12

Sjúkra-, iðju-, og talþjálfun.....	12
Lyf.....	12
Tillögur að breytingum:	12
Hjálpartæki	12
Tillögur að breytingum:	13
Tannlækningar.....	13
Tillaga að breytingu:	14
Sálfræðiþjónusta og geðheilbrigðismál.....	14
Tillögur að breytingum:	14
8. Almannatryggingar	14
9. Húsnæðismál	24
10. Sveitarfélög og byggðamál	26
Sjálfstætt líf.....	26
Tillaga að breytingu:	27
11. Menntun.....	27
Leikskóla- og grunnskólastig.....	27
Tillögur að breytingum:.....	28
Framhaldsskólar	28
Tillaga að breytingu:.....	28
Háskólastig	28
Tillaga að breytingu:.....	29
Framhaldsfræðsla og menntun óflokkuð á skólastig	29
Tillögur að breytingum:.....	29
14. Vinnumarkaður og atvinnuleysi	29
Tillaga að breytingu:.....	31
15. Skatta-, eigna- og fjármálaumsýsla	32
Tillögur að breytingum:.....	32
Barnabætur.....	33
16. Grunnskrár og upplýsingamál.....	33
Tillaga að breytingu:	33
17. Nýsköpun, rannsóknir og markaðsmál.....	34
Tillaga að breytingu:	34
Að lokum	34

1. Almennar athugasemdir

Ísland ríki mannréttinda?

Líkt og áður sagði fullgilti íslenska ríkið samning SRFF haustið 2016. Með fullgildingunni gengst íslenska ríkið við þeim skyldum að virða, vernda og tryggja fötluðu fólki þau lágmarksréttindi sem samningurinn kveður á um. Gera þarf nauðsynlegar breytingar á íslenskum lögum, reglum, stjórnsýsluframkvæmd og þjónustu til að tryggja að þær kröfur sem samningurinn kveður á um verði uppfylltar. Í lok apríl 2018 voru samþykkt á Alþingi heildarlög um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir og lög um breytingu á lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga og fela lagabreytingarnar m.a. í sér lögfestingu notendastýrðrar persónulegrar aðstoðar (NPA). Þá liggur fyrir á Alþingi stjórnarfrumvarp um jafna meðferð á vinnumarkaði. Allt eru þetta liðir í innleiðingarferli á ákvæðum SRFF í íslensk lög en vinnan er langt því frá að vera búin.

Fjármálaáætlunin hefði átt að endurspeglar þá staðreynd að íslenska ríkið er orðið aðili að samningnum og þeim skyldum sem í honum felast en það er á mjög fáum stöðum vísað til samningsins og því er ekki að sjá að grípa eigi til nægilegra aðgerða til þess að vinna í frekari innleiðingu á ákvæðum samningsins.

Öll fjárlög og fjármálaáætlanir, sem og grundvallarskjöl um fjárútlát ríkissjóðs, verða að vera samþætt mannréttindum allra, þar á meðal fatlaðs fólks. Þær áætlanir sem fram koma í fjármálaáætluninni verða að taka mið af því.

Þegar ríki hafa undirgengist skuldbindingar samningsins ber þeim m.a. skylda til að tryggja efnisatriði samningsins í virkum skrefum (e. progressive realisation). Skrefin verða að tryggja fólki raunverulegar réttarbætur. Margt af því sem hér kemur fram á eftir kallar ekki á mikil fjárútlát ríkissjóðs en getur skipt sköpum fyrir líf margra.

Í samningnum felst viðurkenning á því að fatlað fólk hefur verið jaðarsett í gegnum árin. Í honum felst einnig viðurkenning ríkja á því að allir séu jafnir fyrir lögum og er mismunur á grundvelli fötlunar því brot á samningnum. Í málefnum fatlaðs fólks kallar þetta á sérstakar aðgerðir ríkisvaldsins sem er skuldbundið til þess að tryggja jafnræði og samfélagsþátttöku með aðgerðum, breytingum á lögum og framkvæmd sinni. Með ákveðinni einföldun má segja að með samningnum fylgi viðurkenning á því að samfélagið skuli aðlaga sig að margbreytileika fatlaðs fólks. Ríkjum ber að tryggja að allir aðilar veiti fötluðu fólki viðeigandi aðlögun. Jafnframt telst neitun á viðeigandi aðlögun vera brot á SRFF og Mannréttindasáttmála Evrópu, sem lögfestur er hér á landi. Brot á jafnræði fólks, það er með því að neita fólki um viðeigandi aðlögun telst þar með brot á lögfestum rétti hér á landi. Þá er vert að benda á að næstkomandi haust ber íslenska ríkinu að skila inn skýrslu um framkvæmd og innleiðingu á samningnum til sérfræðinefndar Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks.

Hér á eftir koma ábendingar og tillögur um hvernig efnisleg innleiðing samningsins skuli tryggð í fjárlögum sem og öðrum lögum.

Mannréttindasamþætting

Kynjuð fjárlagagerð – fötluð fjárlagagerð

Mikið fagnaðarefni er að kynjajafnrétti sé fylgt eftir með jafn ríkulegum hætti og fram kemur í áætluninni. Að sama skapi er hér bent á að jafnrétti er víðtækara hugtak en

Það að það nái einungis til kvenna og karla. Jafnréttishugtakið á, samkvæmt eðli sínu, við um alla. Mannréttindi fatlaðs fólks varða einnig öll svið mannlífsins. Framsetning á jafnréttishugtakinu í kaflanum gefur því ekki fullnægjandi mynd af því. Jafnréttiskaflinn ætti að varða stærri hóp samfélagsins og þar með talið fatlað fólk. Verklagi sem lýst er varðandi samþættingu jafnréttis kynjanna í alla fjárlagagerð ætti að yfirfæra yfir á fötlunarbreytuna og ætti það að vera einfalt verk. Þörfin á sértækum aðgerðum er síst minni þegar kemur að fötluðu fólki.

Samráðsskylda samkvæmt alþjóðalögum

Í 3. mgr. 4. gr. SRFF er kveðið á um að aðildarríki verði að vinna náið með fötluðu fólki og hagsmunasamtökum þess við allar ákvarðanir og stefnumótun sem varða fatlað fólk. Með fullgildingu samningsins skuldbatt íslenska ríkið sig til þess að hafa náið samráð við hagsmunasamtök við gerðir áætlana, það telst brot gegn greininni þegar hagsmunasamtök eru látin vita seint í ferlum og einnig þegar athugasemdir samtaka eru að engu hafðar³. Augljóst ætti að þykja að vinna áætlun sem þessa í samráði við hagsmunasamtök. Ekkert í áætluninni bendir til að slíkt hafi verið gert við gerð hennar.

Það kemur á óvart enda kemur fram í fjármálaáætluninni sjálfri að mikilvægt sé að hafa viðtækt samráð við hagsmunasamtök og almenning.

Tillaga að breytingu:

Stjórnvöld skulu ávallt, við alla sína áætlanagerð, fara eftir 3. mgr. 4. gr. SRFF í framtíðinni.

Réttindi einstaklinga, trúmál og stjórnsýsla innanríkismála

Réttur til stjórnmalapáttöku er verndaður í 29. gr. SRFF. Svo virðist sem lög um kosningar til Alþingis, nr. 24/2000, séu ekki fyllilega í samræmi við samninginn. Í 3. mgr. 63. gr. laganna er t.d. kveðið á um að fatlaður einstaklingur eigi rétt á að fá aðstoðarmann „sakir sjónleysis eða þess að honum sé hönd ónothæf“. Í ljósi þessa er þörf á því að kosningalöggjöfin verði endurskoðuð til þess að tryggja samræmi við samninginn. Ekki er að sjá í áætluninni að taka skuli mið af því að SRFF geti kallað á aukin útgjöld í þessu samhengi.

Tillaga að breytingu:

Lagt er til að fjármagn verði lagt í að endurskoða kosningalöggjöfina með tilliti til SRFF.

Viðmið í lögum og reglugerðum

Ekki virðist vera nein regla til í stjórnkerfinu um hvenær gjaldskrár og fjárhæðir laga og reglugerða eru uppfærðar. Uppfærslur hafa verið mjög óreglulegar og viðmið sumra laga og reglugerða hafa ekki verið uppfærð um margra ára skeið.

³ Jukka Kumpuvuori og Riku Virtonen: *Are we Right or are we Right?: „Right approach“ in the Advocacy work of Organisations of persons with disabilities*. Disability Law and Policy. An Analysis of the UN Convention. 2017, bls. 55-65.

Nefna má að viðmiðunargjaldskrá tannlækninga var uppfærð síðast árið 2004, en reglugerð frá 2013 sem átti að tryggja örorkulífeyrisþegum og öldruðum endurgreiðslu var ófjármögnuð. Það felur í sér að örorkulífeyrisþegar, langveikir og aldraðir hafa um árábil einungis fengið greitt brot af þeim greiðslum sem þeir hafa átt rétt á. Endurgreiðslur fara því sífellt lækkandi með hækkandi verðlagi í samfélaginu.⁴ Annað dæmi eru frítekjumörk vegna tekna skv. lögum um almannatryggingar og tekjuviðmið í lögum um félagslega aðstoð fyrir uppbætur á lífeyri⁵, sem greiddar eru vegna ýmiss kostnaðar s.s. lyfja, heyrnartækja og súrefnissíu.

Tillaga að breytingu:

Fjárhæðir reglugerða verði allar uppfærðar og verði framvegis sjálfkrafa uppfærðar út frá sömu viðmiðum að minnsta kosti árlega. Breytingarnar verði sýnilega fjármagnaðar í fjármálaáætlun og fjárlögum hvers árs.

2. Dómstólar

Aðgangur að réttarvörslukerfinu [aðgengi að réttlæti] (e. access to justice) er verndað í 13. gr. SRFF. Í kafla 2 um dómsmál er sérstaklega fjallað um mikilvægi þess að á Íslandi njóti borgarar réttaröryggis og grundvallarmannréttinda, að traust ríki til dómstóla með því að tryggja að aðgangur að réttarvörslukerfinu sé greiður og málsmeðferð réttlát, sem og að tryggja öryggi almennings, gagna og upplýsinga. Jafnframt að aðgengi að dómstólum sé greitt. Aðgengi að réttlæti felst m.a. í því að fatlað fólk geti leitað til dómstóla með úrlausnarefni og fái viðeigandi aðlögun til þess að fá úr málum sínum skorið. Á Íslandi er staðan sú að margt fatlað fólk, þá sérstaklega fólk með þroskahömlun eða geðsjúkdóma, sem leitar til dómstóla með mál til úrlausna nýtur ekki sama vafa og ófatlað fólk og er í mörgum tilvikum ekki talið trúðverðugt. Þá hefur fatlað fólk ekki fengið viðeigandi aðlögun til þess að geta sótt rétt sinn. Viðeigandi aðlögun getur meðal annars verið að tryggd verði að allt efni sé aðgengilegt og skýrt fyrir fatlað fólk. Einnig þarf að tryggja að mat á trúverðugleika fatlaðs fólks innan dómskerfisins verði skoðað. Mikilvægt er að fræðsla fari fram innan dómskerfisins varðandi mismunandi hópa fatlaðs fólks og hvernig megi bæta aðgengi þeirra að dómskerfinu. Ekki er að sjá innan kaflans um dómstóla að fara eigi í vinnu til að tryggja að allt kerfið verði í samræmi við SRFF.

Tillaga að breytingu:

Lagt er til að fjármagn verði tryggt í fjárlögum svo aðgengi allra, óháð fötlun, sé að dómstólum og réttlæti. Meta verði hvort þörf sé á því að endurskoða framkvæmd og útgáfu efnis í ljósi fullgildingar SRFF.

3. Æðsta stjórnarsýsla

Ríkisstjórn og fjármálaráðuneyti

Hér ítrekar ÖBÍ mikilvægi mannréttindasamþættingar. Áður í umsögnum ÖBÍ hefur komið fram að fullgilding samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks kallar á endurskoðun vinnubragða stjórnarsýslunnar. Markmið um bætt vinnubrögð æðstu

⁴ <http://www.althingi.is/skodaliid.php?lthing=145&lidur=lid20160822T152338>

⁵ 1. mgr. 9. gr. laga nr. 99/2007 um félagslega aðstoð.

stjórnsýslu ættu þar með að kalla á að skoðað verði hvort samningurinn hafi raunveruleg áhrif á vinnubrögðin. Gagnsæi er t.d. ekki mikið þegar texti er óaðgengilegur fyrir fatlað fólk eða á óaðgengilegu formi. Lýðræðislegt aðhald á að koma frá öllum borgurum óháð fötlun og er texti fjármálaáætlunarinnar almennt óaðgengilegur, sér í lagi fyrir fatlað fólk. Tryggja verður sérstaklega að málefnum fatlaðs fólks verði gert hærra undir höfði í allri vinnu æðstu stjórnvalda. Þá þarf að tryggja gott aðgengi að öllum rafrænum upplýsingum s.s. að heimasíðum opinberra stofnana og fyrirtækja.

Tillaga að breytingu:

Lagt er til að veitt verði fjármagn til að meta hvers konar breytingar á vinnubrögðum, útgáfu, rafrænu aðgengi og framkvæmd hjá æðstu stjórnsýslu ríkisins þurfi að fara í sbr. skuldbindingar samningsins.

Jafnframt er ítrekað það sem kom fram hér að framan um samráðsskyldu stjórnvalda við hagsmunasamtök fatlaðs fólks. Samráðið verður að vera raunverulegt og náíð, sbr. 3. mgr. 4. gr. SRFF. Á það við um alla lagasmíð, stefnumótun og áætlanagerð sem verður að koma til á fyrri stigum allra mála.⁶ Ekki er að sjá í áætluninni að taka skuli mið af því að SRFF geti kallað á aukin útgjöld í þessu samhengi.

4. Aðgengismál

Aðgengi að opinberum stofnunum

Margar stofnanir ríkisvaldsins eru óaðgengilegar hreyfihömluðu fólki en ríkisvaldinu ber að tryggja öllum einstaklingum jafnræði til þess að geta notið þjónustu og borgaralegrar verndar allra ríkisstofnana.

Fyrir liggja áætlanir um að bæta úr aðgengi að skrifstofu umboðsmanns Alþingis sem mikil þörf er á svo að hreyfihamlað fólk hafi aðgang að réttlæti og stjórnsýslu samkvæmt ákvæðum 13. gr. SRFF um aðgang að réttarvörslukerfinu [aðgengi að réttlæti] (e. access to justice). Ekki er hægt að sjá af fjármálaáætluninni að aðgengi að öðrum opinberum stofnunum, eins og stjórnarráðsbyggingunni, verði bætt á næstu árum.

Tillaga að breytingu:

Lagt er til að sérstök greining á aðgengismálum fari fram á öllum stofnunum ríkisvaldsins. Í framhaldi af því skal metið hvort þörf sé á að grípa til sérstakra ráðstafana í ljósi fullgildingar SRFF. Tryggja verður fjármagn til að gera viðeigandi úrbætur.

Aðgengiseftirlit

Lítið sem ekkert eftirlit er með því að ákvæði byggingarreglugerðar um aðgengi fyrir fatlað og hreyfihamlað fólk sé virt eftir að lokaúttekt á mannvirkjum hefur farið fram.

Tillaga að breytingu:

Aðgengiseftirliti verði komið á fót og regluleg úttekt verði gerð á aðgengi að mannvirkjum. Eftirlitið verði í höndum slökkviliðanna á landinu og færi fram samhliða

⁶ Jukka Kumpuvuori og Riku Virtonen: *Are we Right or are we Right?: „Right approach“ in the Advocacy work of Organisations of persons with disabilities.* Disability Law and Policy. An Analysis of the UN Convention. 2017, bls. 55-65.

eldvarnareftirliti. Sú lausn er tæknilega einföld í framkvæmd og myndi kostnaðurinn sem hlytist af því fyrst og fremst vera vegna tiltölulega lítillar aukningar starfshlutfalls.

5. Utanríkismál

Samningur Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks

Í kaflanum um utanríkismál segir að Ísland muni efla enn frekar málsvarahlutverk sitt í mannréttindum og með því að láta gott af sér leiða í mannréttindum geti Ísland haft áhrif á þróun á heimsvísu. Það er göfugt og verðugt markmið. Aftur á móti er hvergi getið um hvernig SRFF skuli innleiddur með efnislegum hætti í íslenskan rétt. Ef íslenska ríkið vill og ætlar sér að hafa áhrif á alþjóðavettvangi verður viljinn að vera skýr í áætlun sem þessari hvað öll mannréttindi varðar.

Það er mikilvægt að innleiðing á ákvæðum SRFF verði tekin föstum tókum. Dæmin sanna að efnisleg innleiðing samningsins hefur ekki verið með réttum hætti, sbr. breytingar á lögræðislögum sem teljast ekki fyllilega í samræmi við 12. gr. SRFF. Það sama gæti í stjórnarfrumvarpi með lögum um jafna meðferð á vinnumarkaði. Það verður því að tryggja að efnisleg innleiðing samningsins verði með réttum hætti.

Horfa skal til þess sem gerst hefur hjá þeim ríkjum sem hafa verið aðilar að samningnum. Alþjóðastofnanir hafa skýrt efnisákvæði samningsins á síðustu árum. Nefnd Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks hefur gefið út almenn álit um tilteknar greinar. Fyrir nefndina hafa einnig farið einstaklingsmál sem hafa skýrt skyldur ríkjanna og hefur nefndin veitt tilmæli til einstakra ríkja í skýrslum sínum um framkvæmd samningsins. Dómar mannréttindadómstóls Evrópu og Evrópudómstólsins hafa einnig skýrt skyldurnar á síðustu árum.

Greining á þessum dómum, einstaklingsmálum, skýrslum og álitum er nauðsynleg til þess að efnisleg innleiðing samningsins verði með réttum hætti. Slík greining þarf að liggja fyrir sem fyrst og hefjast handa við frekari vinnu að nauðsynlegum lagabreytingum í kjölfarið, því líkt og áður sagði þarf skýrsla íslenska ríkisins um framkvæmd og innleiðingu samningsins að liggja fyrir hjá sérfræðinefnd Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks.

Þá er vert að benda á mikilvægi þess að stjórnvöld hafi náði samráð við fatlað fólk og hagsmunasamtök þeirra, sbr. 3. mgr. 4. gr. og 33. gr. SRFF.

Tillaga að breytingu:

Lagt er til að unnið verði að efnislegri innleiðingu samningsins með markvissum hætti. Tryggja þarf fjármagn til þess að ráða a.m.k. þrjá sérfræðinga til innanríkisráðuneytisins til að vinna að greiningu á dómum, álitum, skýrslum og framkvæmd annarra ríkja. Staða þeirra verði tímabundin til þriggja ára. Tryggja verður aðkomu heildarsamtaka fatlaðs fólks að verkefninu.

Valfrjáls bókun við samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks

Þegar SRFF var fullgiltur samþykkti Alþingi að valfrjáls viðauki [valfrjáls bókun] (e. optional protocol) við SRFF skyldi fullgiltur fyrir árslok 2017. Ekki er að sjá á

fjármálaáætluninni hvaða fjárútlát fylgja nauðsynlegri vinnu til fullgildingar viðaukans/bókunarinnar.

Tillaga að breytingu:

Lagt er til að fjármagn til fullgildingar valfrjálsa viðaukans/bókunarinnar verði tryggt.

Aðrir mannréttindasamningar

Trúverðugleiki íslenska ríkisins byggist meðal annars á því hvernig ríkinu hefur tekist að fullgilda alþjóðlega mannréttindasamninga. Samkvæmt heimasíðu Sameinuðu þjóðanna er Ísland ekki á meðal þeirra ríkja sem fullgilt hefur flesta mannréttindasamninga og bókanir. Íslenska ríkið hefur hvorki fullgilt endurskoðaðan Félagsmálasáttmála Evrópu né Marrakech sáttmálann sem á að tryggja aðgengi fatlaðs fólks að útgefnu efni.

Trúverðugleiki íslenska ríkisins byggist einnig á því hve vel ríkinu gengur að framkvæma skyldur sínar samkvæmt alþjóðasamningum og verða við ábendingum alþjóðastofnana um úrbætur. Íslenska ríkinu hefur verið ítrekað bent á að enga almenna mismununarlöggjöf er að finna. Ísland sem málsvari virðingar fyrir alþjóðalögum, mannréttindum og jafnrétti verður að bregðast tafarlaust við þessum ábendingum með markvissum úrbótum.

Tillaga að breytingu:

Lagt er til að sett verði nægilegt fjármagn til þess að tryggja að:

1. farið verði eftir tilmælum alþjóðastofnana um að almenn jafnréttislöggjöf skuli sett.
2. endurskoðaður Félagsmálasáttmáli Evrópu verði fullgiltur hér á landi.
3. Ísland fullgildi Marrakech sáttmálann.
4. Ísland fullgildi aðra samninga og bókanir.

Þróunarsamvinna

Markmið íslenskra stjórnvalda í þróunarsamvinnu taka mið af heimsmarkmiðum Sp. um sjálfbæra þróun, sem m.a. felast í því að draga úr fátækt og stuðla að almennri velferð á grundvelli jafnréttis. Með alþjóðlegri þróunarsamvinnu leitast íslensk stjórnvöld við að uppfylla skyldur sínar á ábyrgan hátt. Heimsmarkmið Sp eru 17 talsins og undirmarkmiðin 169 talsins sem vinna á að næstu 15 árin. Heimsmarkmiðin ná til allra og eru mjög skýr hvað varðar málefni fatlaðs fólks og samráð við fatlað fólk og hagsmunasamtök þeirra, en alls er fötlun eða fatlað fólk nefnt 19 sinnum í heimsmarkmiðunum. Málaflokkar sem m.a. eru nefndir að þurfi að vinna að eru menntun, atvinna, aðgengi, réttlæti, ójafnrétti og upplýsingaöflun gagna. Í fyrsta skipti í sögunni hafa aðildarríki að heimsmarkmiðunum um sjálfbæra þróun 2030 viðurkennt með beinum hætti að vinna þurfi með auknum hætti að bættri velferð og jafnrétti fatlaðs fólks.

Tillaga að breytingu:

Lagt er til að nægilegt fjármagn verði veitt til alþjóðlegrar þróunarsamvinnu svo viðmið SRFF verði höfð að leiðarljósi í öllu alþjóðlegu samstarfi sem Ísland er aðili að.

6. Framkvæmdaáætlun í málefnum fatlaðs fólks

ÖBÍ skilaði ítarlegri umsögn til velferðarráðuneytis í byrjun árs 2017 við þingsályktunartillögu um stefnu og framkvæmdaáætlun í málefnum fatlaðs fólks fyrir árin 2017-2021.⁷

Tillaga að breytingu:

Lagt er til að gerð verði raunhæf kostnaðaráætlun samfara framkvæmdaáætluninni þannig að verkefni hennar séu fjármögnuð með skynsamlegum hætti svo raunverulegar breytingar geti átt sér stað.

7. Heilbrigðismál

ÖBÍ leggur áherslu á að stefnt verði að því að heilbrigðisþjónusta verði gjaldfrjál, en þó er ekki óeðlilegt að tekin verði regluleg skref í átt að því marki.

Í fjármálaáætluninni hafa framlög aukist til heilbrigðismála og áherslur ríkisstjórnarinnar eru í rétta átt, samanber aukin framlög til geðheilbrigðismála, til að efla heilsugæsluna og draga úr greiðsluþátttöku sjúklinga. Hins vegar er nánast ómögulegt að greina hversu miklu fjármagni á að veita í hvern lið fyrir sig og hvenær á tímabilinu.

Tillögur að breytingum:

Lagt er til að 11% af vergri landsframleiðslu verði varið í félagslegt heilbrigðiskerfi.

Lagt er til að heilbrigðisþjónusta á Íslandi verði gerð gjaldfrjál í áföngum.

Greiðsluþátttökukerfi í heilbrigðisþjónustu

Á stefnuskrá ríkisstjórnarinnar er bæði lækkun greiðsluþátttöku einstaklinga í heilbrigðisþjónustu og tilfærsla ýmissar þjónustu og kostnaðar inn í kerfið og undir þak, svo sem ferða- og upphaldskostnaður, tannlækningar og sálfræðiþjónusta. Þá er haft eftir heilbrigðisráðherra að: „Stefnt er að því að minnka greiðsluþátttöku sjúklinga á tímabili fjármálaáætlunar, þannig að hlutdeild sjúklinga hérlendis verði sambærileg því sem gerist annars staðar á Norðurlöndunum.“

Þetta rímar við fyrsta skref í áherslum ÖBÍ, en við leggjum áherslu á að heilbrigðisþjónusta eigi að vera gjaldfrjál. Hins vegar er ekki að sjá að þessum markmiðum verði náð miðað við fjármálaáætlun.

Í fjármálaáætluninni er stefnt að því að greiðsluhlutfall notenda af heildarheilbrigðis-kostnaði verði 16,5% árið 2023, sem ætla má að muni þýða um 3,5 milljarða króna innspýtingu á fimm árum. Lækkun um 30% á þökum í núverandi greiðsluþátttökukerfi heilbrigðisþjónustu kostar ekki undir 2,3 milljörðum á ári.

Erfitt er að sjá af fjármálaáætluninni að gert sé ráð fyrir ferða- og upphaldskostnaði, tannlækningum og sálfræðiþjónustu í kerfinu á næstu fimm árum, eins og talað hefur verið fyrir.

⁷ Umsögn ÖBÍ við þingsályktunartillögu um stefnu og framkvæmdaáætlun í málefnum fátlaðs fólks árin 2017-2021, sjá hér: <http://www.obi.is/static/files/skiol/pdf-skiol/umsagnir/2016/20170901-umsogn-framkvaemdaaetlun.pdf>

Tillaga að breytingu:

Lagt er til að öll heilbrigðisþjónusta á Íslandi verði gerð gjaldfrjáls á tímabilinu og í áföngum og má líta á þær aðgerðir sem boðaðar hafa verið í fjármálaáætlun þessari sem fyrsta áfangann. Í næsta áfanga verði tannlækningar, sálfræðiþjónusta, ferðakostnaður vegna heilbrigðisþjónustu ásamt tækniþjónungunum sett undir kostnaðarpáttökupak sjúklinga og þjónustan verði gjaldfrjáls fyrir lífeyrisþega og börn. Í þriðja áfanga verði allur kostnaður vegna þeirrar heilbrigðisþjónustu sem fellur undir nýtt greiðslupáttökukerfi greiddur af ríkissjóði. Í fjórða áfanga verði kostnaðarpáttaka vegna lyfja og heilbrigðisþjónustu sett undir sama þakið og heildarkostnaður örorkulífeyrisþega í hvorutveggja lyfja- og heilbrigðiskostnaði verði ekki meiri en 20.000 krónur á ári og svo koll af kolli.

Sjúkra,- iðju-, og talþjálfun

Það er ljóst að kostnaður sem hefur fylgt því að setja læknisfræðilega endurhæfingu inn í greiðslupáttökukerfið hefur komið yfirvöldum í opna skjöldu. Þetta átti ekki að koma neinum á óvart. Fólk sá sér ekki fært að nýta þessa nauðsynlegu þjónustu vegna kostnaðar en sér það frekar nú. Aukningin er ekki síst hjá fólki á vinnumarkaði sem á á hættu að fara á örorku vegna stoðkerfisbrests, njóti það ekki þessarar þjónustu.

Lyf

Við höfum dregist talsvert aftur úr hinum Norðurlandþjóðunum í innleiðingu nýrra lyfja, og þau lyf sem eru að koma ný inn eru fyrst og fremst krabbameinslyf. Það hefur verið aukið framlag í þennan málaflokk frá áætlun fyrri ríkisstjórnar, enda ástæða til.

Kostnaður sjúklinga vegna lyfjakaupa er afar mikill, enda eru lyf dýr auk þess sem lagður er á þau 24% virðisaukaskattur hér á landi, sem er efra virðisaukaskattsprepið. Alþjóða heilbrigðismálastofnunin hefur ráðlagt að haldið sé aftur af opinberri gjaldtöku vegna lyfja. Æskilegt væri að fara að dæmi frænda okkar Svía og fella niður virðisaukaskatt á lyfseðilsskyldum lyfjum. Þá þarf strax að fella ýmsa lyfjaflokka undir greiðslupáttöku lyfja, s.s. sýklalyf, róandi og kvíðastillandi lyf, stinningarlyf, verkjalyf, svefnlyf, hægðalyf og hjálpartæki fyrir sykursjúka, en gert er ráð fyrir að margir þeirra verði felldir inn í kerfið í lyfjastefnu til ársins 2020.

Tillögur að breytingum:

Lagt er til að virðisaukaskattur af lyfseðilsskyldum lyfjum verði afnuminn.

Lagt er til að gert sé ráð fyrir í lyfjastefnu og fjármálaáætlun að innleiðing nýrra nauðsynlegra lyfja verði fjármögnuð svo að við stöndum jafnfætis hinum norðurlandaþjóðunum á tímabilinu.

Lagt er til að lyfjaflokkar sem ekki falla undir greiðslupáttöku lyfja verði þegar færðir inn í greiðslupáttökukerfið.

Hjálpartæki

Á Íslandi er lagður 24% virðisaukaskattur á hjálpartæki. Sjúkratryggingar Íslands (SÍ) ýmist greiða að fullu eða taka þátt í kaupum á nauðsynlegum hjálpartækjum, skv. reglugerð. Þrátt fyrir það getur kostnaður vegna hjálpartækja verið mikill og úthlutun

mætir ekki þörfum notenda. Fjöldi hjálpartækja er ekki niðurgreiddur og hefur þeim fjölgað frá hruni, þegar hið opinbera lagði í mikinn niðurskurð í heilbrigðisþjónustu.

Sú þrönga skilgreining sem liggur úthlutun SÍ til grundvallar kemur í veg fyrir að fólk með skerta færni fái þau hjálpartæki sem það þarf til að auðvelda því athafnir daglegs lífs og að takast á við umhverfi sitt. Til athafna daglegs lífs heyrir ekki aðeins það sem fellur undir þrönga skilgreiningu um nauðsyn, heldur einnig líkamsrækt og þjálfun, félagslíf og áhugamál, auk þess að geta stundað nám og vinnu. Hjálpartæki eiga að auka virkni einstaklingsins og ef ákvæði löggjafarinnar verða ekki útvíkkuð verður tómt mál að tala um sjálfstætt líf og fulla þátttöku í samfélaginu.

Það er óraunhæft að gera áætlanir um aukna atvinnuþátttöku fatlaðs fólks án þess að tryggja því viðeigandi aðlögun á vinnustað, þ.á.m. þau hjálpartæki sem til þarf. Samkvæmt reglugerð taka hvorki ríki né sveitarfélög þátt í þeim kostnaði sem fellur á tilvonandi vinnuveitendur t.d. vegna hjálpartækja, sem getur hamlað ráðningu.

Það er nauðsynlegt að móta heildstæða stefnu í hjálpartækjamálum og endurskoða löggjöfina út frá ákvæðum samnings SP um réttindi fatlaðs fólks.

Kostnaður fyrir þennan lið hefur verið vanáætlaður síðustu ár og því er ljóst að þörf er á viðbótarfjármagni í málaflökkinn. Því eru það vonbrigði að sjá engin merki um það í fjármálaáætlun að íslenska ríkið ætli að standa við alþjóðlegar skuldbindingar að þessu leyti.

Tillögur að breytingum:

Lagt er til að frá janúar 2018 verði virðisaukaskattur af hjálpartækjum fyrir fatlað fólk og aldraða afnuminn.

Lagt er til að framlög til málaflokksins verði stóraukin í fjárlögum ársins 2018 til að mæta þeirri þörf sem uppi er vegna lýðfræðilegra breytinga, þ.e. fjölgunar og öldrunar þjóðarinnar.

Lagt er til að málaflökkurinn verði endurskoðaður með heildstæðri stefnumótun og breytingu á löggjöf með innleiðingu samnings SP um réttindi fatlaðs fólks.

Tannlækningar

Aldraðir og örorkulífeyrisþegar hafa verið hlunnfarnir um endurgreiðslu frá Sjúkratryggingum Íslands vegna þess að viðmiðunargjaldskrá tannlækninga hefur ekki verið uppfærð frá árinu 2003. Það hefur valdið því að fólk hefur aðeins fengið ýmist 19%, 28% eða 43% endurgreitt af þeirri upphæð sem það hefur átt rétt á.

Nú stendur að lokum til að leiðrétta það með samningum við tannlækna um aðgerðir og uppfærslu á gjaldskrá sem gert er ráð fyrir að muni kosta 1 ma. kr. árlega. Sú fjárhæð mun þó ekki hrökkva til, heldur þarf nálega að tvöfalda hana til að uppfylla fulla endurgreiðslu við lífeyrisþega. Lífeyrisþegum hefur og mun fjölga, aðgerðarþörf hefur breyst og uppsöfnuð þörf er enn fremur mikil enda hefur mikill fjöldi fólks ekki getað notið tannlæknaþjónustu um áraskeið vegna kostnaðar.

Tillaga að breytingu:

Lagt er til að gengið verði til samninga við tannlækna um aðgerðaskrá og að árleg framlög í málaflokkinn verði 2. ma. kr. til að veita lífeyrisþegum þá endurgreiðslu sem þeir eiga rétt á.

Sálfræðiþjónusta og geðheilbrigðismál

Sálfræðiþjónusta er sjúkratryggðum einstaklingum afar dýr í dag, enda ekki niðurgreidd af ríkissjóði. Afar margir neita sér því um sálfræðiþjónustu við t.d. kvíða, depurð, þunglyndi, svefnleysi eða öðrum röskunum. Afleiðing þess getur verið alvarlegri heilsufarsvandi. Sálfræðimeðferð sem fyrsta íhlutun dregur úr innlögnum á sjúkrahús og getur dregið úr lyfjanotkun. Fleiri gætu haldið starfsgetu sinni og virkni.

Ekki er hægt að greina í áætluninni hversu há upphæð muni renna til sálfræðiþjónustu. Hins vegar er ljóst að ansi mikið verk er að vinna til að áætlanir stjórnvalda í geðheilbrigðismálum haldi áætlun. Aðgangur að sálfræðingum á heilsugæslustöðvum um land allt er enn mjög lítið og leggja þarf áherslu á að sálfræðingar séu starfandi í skólum og fangelsum. Bæta þarf stórlega geðheilbrigðisþjónustu við einstaka hópa, s.s. fanga, fólk með þroskahömlun og aldraða. Þá þarf að byggja heildaráætlun í málefnum barna með geð- og þroskaraskanir og tryggja samfellu í þjónustu og þverfaglegu samstarfi, en staða þessa hóps er afar viðkvæm.

Tillögur að breytingum:

Lagt er til að sálfræðiþjónusta verði felld inn í greiðslupátttökukerfi heilbrigðisþjónustunnar.

Lagt er til að fjármagn verði tryggt svo að geðheilsuteymi verði starfandi í öllum landshlutum í lok árs 2019 og sálfræðingar á öllum heilsugæslustöðvum, fangelsum, grunn- og framhaldsskólum.

Lagt er til að stefna í geðheilbrigðismálum verði endurskoðuð með nýrri heildarstefnu í málaflokknum sem unnin verði í samráði og samstarfi við notendur með innleiðingu samnings SP um réttindi fatlaðs fólks.

8. Almennatryggingar

Eitt meginmarkmið málefnaáætlunar 2019-2023 „að öll þjónusta og stuðningur, þar á meðal bætur og greiðslur stuðli að því að fólk með skerta starfsgetu geti lifað sjálfstæðu lífi.“⁸ Í sömu fjármálaáætlun er gengið út frá því að hækkun lífeyris almennatrygginga verði einungis á bilinu 3,1% til 4,3% næstu fimm árin. **Hvernig á fólk með skerta starfsgetu að geta lifað sjálfstæðu og mannsæmandi lífi með slíkri framfærslu?** Þessi áætlun er algjörlega óásættanleg og mun engu breyta um kjör fólks, sem búið hefur við verulegan skort árum saman sem m.a. kemur niður á börnum örorkulífeyrisþega. Kjaragliðnun síðasta áratugs hefur enn ekki verið leiðrétt. Bilið á milli örorkulífeyrisþega og annarra hópa í samfélaginu mun halda áfram að aukast, ef lífeyrir almennatrygginga á einungis að hækka árlega um örfáar prósentur, en lágur prósentuhækkunir á lágur upphæðir gefa af sér lágur krónutöluhækkunir.

⁸ Blaðsíðu 343.

Kjör örorku- og endurhæfingarlífeyrisþega hafa dregist mjög aftur úr kjörum meginþorra landsmanna, eins og sjá má í töflu 1.

Tafla 1. Hækkunir til örorkulífeyrisþega frá 2012 til 2016 – samanburður við aðra hópa:

Hækkunir á mánuði frá árinu á undan – tímabil 2012 til 2016						
Ár	2012	2013	2014	2015	2016	Samtals
Forsætisráðherra	40.321	38.751	41.857	118.384	630.492	869.805
Ráðherrar	36.440	35.022	37.828	106.991	568.848	785.129
Þingmenn	20.634	19.831	21.421	96.585	389.164	547.635
Óskertur lífeyrir almannatrygginga	5.916	6.823	6.544	5.649	18.814	43.746
Óskertur lífeyrir almannatrygginga með heimilisuppbót	6.865	7.917	7.593	6.555	21.832	50.762
Lágtækjutrygging í dagvinnu	11.000	10.000	10.000	31.000	15.000	77.000
Miðgildi heildartekna örorkulífeyrisþega ⁹	25.000	11.000	6.000	10.000	22.000	74.000
Miðgildi heildartekna fullvinnandi ¹⁰	22.000	32.000	25.000	42.000	46.000	167.000

Upplýsingar um miðgildi heildartekna árið 2017 hafa ekki verið birtar á heimasíðu Hagstofu Íslands.

Athygli vekur að samanlögð hækkun óskerts örorkulífeyris árin 2012 til 2016 (43.746 kr.) er tæplega 8% af samanlagðri hækkun þingfararkaups (547.635 kr.) á sama tímabili. Í fjármálaáætluninni, sem hér er til umsagnar, er gengið út frá enn lægri prósentuhækkun (3,1% til 4,3%) en í þeirri áætlun sem var lögð fyrir í september 2017 (3,1% til 4,8%).

Hækkun lífeyris almannatrygginga hefur verið undir hækkun launavísitölu síðustu ár. Samkvæmt fjármálaáætluninni er ætlunin að svo verði áfram, eins og sjá má á fylgiskjali 1.

Boðuð 10 þúsund kr. hækkun á mánuði fyrir skatt

Í krónutölum myndi 4,3% hækkun óskerts lífeyris almannatrygginga þýða rúmlega 10 þúsund kr. á mánuði fyrir skatt, eða fara úr 238.594 kr. í 248.854 kr. Eftir skatt er hér um að ræða 6.470 kr. hækkun á mánuði. **Eftir skatt yrði upphæðin rúmlega 200 þúsund krónur á mánuði.** Enginn lifir af þessum tekjum í íslensku samfélagi og allra síst einstaklingar sem þurfa oft að greiða hærra hlutfall ráðstöfunartekna sinna í húsnæðis- og heilbrigðiskostnað, hjálpartæki og ýmsa stoðþjónustu. Samkvæmt 28. gr. SRFF ber ríkinu að tryggja einstaklingum viðunandi lífskjör og sífellt batnandi lífsskilyrði. Með fjármálaáætluninni eru lífskjör fólks, sem oft á tíðum býr við fátækt, ekki bætt, heldur er þeim er áfram ætlað að bíða í fátækt.

Óskertur lífeyrir almannatrygginga ennþá undir 300 þúsund kr. árið 2023

⁹ Mælaborð TR á heimasíðu Tryggingastofnunar www.tr.is

¹⁰ Hagstofa Íslands www.hagstofa.is undir samfélag – laun.

Boðuð hækkun á bilinu 3,1% til 4,3% fimm ár í röð myndi þýða að óskertur lífeyrir almannaþrygginga væri árið 2023 á bilinu tæpar 278 þúsund kr.¹¹ til tæpar 295 þúsund kr.¹² á mánuði (fyrir skatt).¹³

Einungis á bilinu 245 til 294 þúsund krónur árið 2023

Á tímabilinu sem um ræðir 2019-2023 myndi krónutöluhækkun óskerts örorku- og endurhæfingarlífeyris vera á bilinu sjö til tólf þúsund krónur á mánuði (fyrir skatt) um hver áramót. Ef miðað er við skattprósentu ársins 2018 er um að ræða hækkunir á bilinu 4.664 kr.¹⁴ til 7.656 kr.¹⁵ (eftir skatt).

Tafla 2. Fyrirhugaðar árlegar hækkunir í krónutölum, ef óskertur örorku- og endurhæfingarlífeyrir mun hækka um 3,1% í byrjun hvers árs skv. 5 ára fjármálaáætlun. Upphæðir fyrir skatt.

Árleg hækkun 3,1%.	2018	2019	2020	2021	2022	2023	Samtals hækkun
Óskertur lífeyrir	238.594	245.990	253.616	261.478	269.584	277.941	
Hækkun í krónum á mánuði frá fyrra ári.		7.396	7.626	7.862	8.106	8.357	39.347

Tafla 3. Fyrirhugaðar árlegar hækkunir í krónutölum, ef óskertur örorku- og endurhæfingarlífeyrir mun hækka um 4,8% í byrjun hvers árs skv. 5 ára fjármálaáætlun.

Árleg hækkun 4,3%.	2018	2019	2020	2021	2022	2023	Samtals hækkun
Óskertur lífeyrir	238.594	248.854	259.554	270.715	282.356	294.497	
Hækkun í krónum á mánuði frá fyrra ári.		10.260	10.701	11.161	11.641	12.141	55.903

Örorkulífeyrir á að tryggja framfærslu þeirra sem ekki geta tekið þátt á vinnumarkaði eða hafa mjög takmarkaða starfsgetu. Með þeirri leið, sem lagt er upp með í þingsályktunartillögum, mun bilið á milli lágmarkslauna, meðallauna fullvinnandi og óskerts örorkulífeyris verða aukið til muna. Slíkt gengur algjörlega gegn lofordi VG, flokks forsætisráðherra, fyrir alþingiskosningar árið 2017 „Umtalsverð hækkun lægstu launa á að vera forgangsverkefni í kjarasamningagerð næstu ára og hækkun bóta elli- og örorkulífeyris á að fylgja slíkum hækkunum.“¹⁶ Hækkunir á bilinu 3,1% til 4,3% eru ekki umtalsverðar hækkunir. **Ef hækkað yrði samkvæmt hærri prósentutölunni**

¹¹ 3,1% hækkun fimm ár í röð.

¹² 4,3% hækkun fimm ár í röð.

¹³ Einungis um þriðjungur örorkulífeyrisþega fær greidda heimilisuppbót. Óskertur örorkulífeyrir með heimilisuppbót er 300.000 kr. (fyrir skatt) árið 2018. Jafnvel þó hann yrði hækkaður um 4,3% í byrjun árs 2019 yrði upphæðin einungis 309.300 kr. (fyrir skatt).

¹⁴ 3,1% hækkun í janúar 2018 eftir skatt.

¹⁵ 4,8% hækkun í janúar 2022 eftir skatt.

¹⁶ <http://vg.is/stefnan/kosningar2017velferdarsamfelag/>

4,3% fimm ár í röð, næði óskertur örorkulífeyrir¹⁷ einungis upp í rúmar 294 þúsund krónur árið 2023.

Þann 13. september 2017 sagði núverandi forsætisráðherra, Katrín Jakobsdóttir, í umræðu um stefnuræðu þáverandi forsætisráðherra: „Stjórnvöld eiga ekki að biðja fátækt fólk á Íslandi að bíða eftir réttlætinu“.¹⁸ Hún sagði þáverandi ríkisstjórn gera ráð fyrir að öryrkjar og aldraðir hokruðu áfram og byggju við skammarleg kjör. Á sama tíma dygðu lægstu laun ekki til framfærslu og fólk á lægstu launum væri beðið um að vera þakklátt fyrir 20 þúsund krónur því hlutfallslega væri það ekki lítið.

Ekki er hægt að lesa annað út úr þeirri þingsályktunartillögu sem hér er til umsagnar en að núverandi forsætisráðherra, Katrín Jakobsdóttir og ríkisstjórn hennar hafi **ekki** í hyggju að leiðrétta kjör örorkulífeyrisþega og tryggja þeim mannsæmandi framfærslu á næstu árum. Öryrkjar og aldraðir eiga að bíða áfram eftir réttlætingu næstu fimm árin.

Framkvæmdin ekki í samræmi við lög um almannatryggingar

Framkvæmd fjármálaráðuneytisins við fjárlagagerð hefur, að mati ÖBÍ, ekki verið í samræmi við ákvæði 69. gr. laga um almannatryggingar nr. 100/2007 undanfarin ár. Samkvæmt ákvæðinu skulu greiðslur almannatrygginga breytast í samræmi við fjárlög en ákvörðun þeirra skal taka mið af launapróun en þó aldrei hækka minna en verðlag. Eina opinbera mælingin á launapróun á Íslandi er launavísitala sem Hagstofa Íslands reiknar út skv. lögum um launavísitölu nr. 89/1989 og því er þrátt fyrir galla þeirrar vísitölu ekki hægt að miða við annan mælikvarða. Þrátt fyrir það hefur fjármálaráðuneytið undanfarin ár ákveðið að við ákvörðun á greiðslum almannatrygginga skuli miðað við „launapróun að frádregnu launaskriði“ sbr. fjárlög fyrir árið 2018.¹⁹

Í fyrsta lagi er ljóst af þessu orðalagi í fjárlögum að hér er ekki farið eftir ákvæði 69. gr. laga um almannatryggingar enda skal miða við launapróun eins og hún er en ekki að frádregnu launaskriði. Þá er ennfremur ekki á nokkurn hátt hægt að átta sig á því hvaða launapróun það er sem ráðuneytið miðar við, né hvernig ráðuneytið reikni út launaskrið eða hvaða áhrif launaskrið hafi á ákvörðun greiðslna. Verður því ekki annað séð en að fjármálaráðuneytið geti einhliða ákveðið hversu mikið greiðslur almannatrygginga hækki hverju sinni svo framarlega sem þær hækki meira en verðlag. Hefur þessi framkvæmd leitt af sér að greiðslur almannatrygginga hafa dregist aftur úr almennri launapróun í landinu og kjör öryrkja þar með versnað m.v. aðra hópa.

Kaupmáttaraukning samkvæmt Hagfræðistofnun Háskóla Íslands

Í fjármálaáætluninni kemur fram að kaupmáttur ráðstöfunartekna á mann hafi vaxið ört undanfarin ár og uppsafnaður vöxtur árána 2014-2016 nemi ríflega 27%. Þessi þróun hefur ekki náð til örorku- og endurhæfingarlífeyrisþega. Kaupmáttur óskerts lífeyris og heildartekna örorkulífeyris jókst um 9% á sama tímabili.

Samkvæmt útreikningum Hagfræðistofnunar Háskóla Íslands hefur kaupmáttur heildartekna örorkulífeyrisþega verið neikvæður megnið af tímabilinu (2009-2015) og er aðeins 1% hærri árið 2015 en árið 2009, eins og sjá má á mynd 1. hér fyrir neðan.


¹⁷ Um þriðjungur örorkulífeyrisþega fær greidda heimilisuppbót til viðbótar við bótaflokka almannatrygginga. Óskertur örorkulífeyrir með heimilisuppbót gæti farið í tæp 354 þúsund kr. árið 2022 ef hann yrði hækkaður árlega um 4,8%. Einungis um þriðjungur örorkulífeyrisþega fær greidda einhverja heimilisuppbót.

¹⁸ <http://www.ruv.is/frett/ekki-haegt-ad-bidja-folk-ad-bida-ef-tir-rettlaeti>

¹⁹ Blaðsíða 121 til 122.

Óskertur lífeyrir almennatrygginga og heildartekjur örorkulífeyrisþega hafa dregist mikið aftur úr heildartekjum launafólks.

Mynd 1



Útreikningar Hagfræðistofnunar Háskóla Íslands, október 2017. Útreikningur heildartekna fullvinnandi og öryrkja miðast við miðgildi ár hvert.

Ljóst má vera að með 3,1% til 4,8% hækkun til örorku- og endurhæfingarlífeyrisþega er þeim áfram ætlað að framfleyta sér á tekjum, sem duga ekki til framfærslu í íslensku samfélagi. Með fjármálaáætlun þessari virðist ríkisstjórnin ætla að halda örorku- og endurhæfingarlífeyrisþegum í fátækt og koma þannig í veg fyrir þátttöku þeirra í samfélaginu. Minnt er á að Ísland hefur fullgilt SRFF sem kveður á um að aðildarríki að samningnum „... eigi að viðurkenna rétt fatlaðs fólks og fjölskyldna þess til viðunandi líf skjara því til handa, meðal annars viðunandi fæðis og klæða og fullnægjandi húsnæðis, og til sífellt batnandi líf skilyrða og skulu gera viðeigandi ráðstafanir til að tryggja og stuðla að því að þessi réttur verði að veruleika án mismununar vegna fötlunar.“²⁰ Fjármálaáætlunin er í hrópandi ósamræmi við ofangreint ákvæði SRFF.

Víðtæk krafa og samstaða um afnám krónu á móti krónu skerðingar

ÖBÍ hefur um árabíl barist fyrir afnámi sérstakrar framfærsluþróttar, svokallaðri „krónu á móti krónu“ skerðingu á greiðslum til lífeyrisþega og ítrekað lagt til að sérstaka framfærsluþróttin verði felld inn í bótaflokkinn tekjutrygging. Gagnrýni ÖBÍ og annarra sem hafa kynnt sér málið snýst m.a. um að fjöldi örorkulífeyrisþega sjái ekki ávinning af því að hafa greitt í lífeyrissjóð af tekjum sínum. Þeir hafi ennfremur ekki ávinning af sparnaði og/eða atvinnuþátttöku, en hér er átt við þá sem hafa mjög takmarkaða starfsgetu. Afnám „krónu á móti krónu“ skerðingar myndi draga verulega úr tekjuskerðingum, auka ráðstöfunartekjur og um leið einfalda kerfið, en eitt af markmiðum fjármálaáætlunar er að einfalda kerfið. Fyrir utan að flækja kerfið all-

²⁰ 28. gr. Viðunandi líf skjör og félagsleg vernd. <https://www.stjornarradid.is/media/innanrikisraduneyti-media/media/frettir-2013/CRPD-islensk-thyding---lokaskjal.pdf>

verulega heldur „króna á móti krónu“ skerðingin örorku- og endurhæfingarlífeyrisþegum í fátækt. Fólki sem stendur verst fjárhagslega er gert ómögulegt að auka ráðstöfunartekjur sínar þrátt fyrir að hafa einhverjar tekjur annars staðar frá, s.s. atvinnu-, lífeyrissjóðs- eða fjármagnstekjur. Fólki er refsað fyrir þá viðleitni að reyna að bjarga sér. Í áætluninni er aðeins komið inn á gagnrýni á þessar miklu tekjuskerðingar en einungis út frá samspili við atvinnutekjur. Rétt er að minna á að tekjur örorku- og endurhæfingarlífeyrisþega og greiðslur sem þeir eiga rétt á, s.s. atvinnutekjur og lögbundinn lífeyris- og séreignasparnaður, mæðra-/feðralaun, fjármagnstekjur og dánarbætur eru notaðar til að niðurgreiða almannatryggingar. Því er ekki rétt að tala um „kostnað“ ríkissjóðs af því að afnema „krónu á móti krónu“ skerðingu.

Þessar tekjuskerðingar grafa undan trú fólks á lífeyrissjóðskerfinu. Hvers vegna á fólk að greiða í lífeyrissjóð af tekjum sínum ef þær lífeyrissjóðstekjur (fyrir skatt) gera ekki annað en að lækka greiðslur frá TR um sömu krónutölu?

Tafla 4.

Dæmi um „krónu á móti krónu“ skerðingu (2018) vegna lífeyrissjóðstekna

Framfærslu- viðmið	Lífeyrissjóðs- tekjur	Skerðing	Staðgreiðsla	Til ráðstöfunar	Skerðing og skattur
238.594	0	0	34.242	204.354	34.242
238.594	60.000	60.000	34.242	204.354	94.242

Í september 2017 voru tæplega 30% einstaklinga með 75% örorkumat með einhverjar atvinnutekjur. Hlutfallið var 33% árið á undan. Í fjármálaáætluninni er lagt mikið kapp á að fleiri örorkulífeyrisþegar geti framfleytt sér sjálfir, að hluta til eða að öllu leyti með þátttöku á vinnumarkaði. Því er óskiljanlegt hvers vegna ekki sé strax ráðist í að afnema „krónu á móti krónu“ skerðingu, þar sem slík ráðstöfun myndi hvetja til atvinnuþátttöku.

Samstaða á Alþingi um afnám „krónu á móti krónu“ skerðingu

Síðustu ár hefur verið samstaða um að afnema sérstaka framfærsluuppbót vegna vandkvæða sem fylgja því að hafa „krónu á móti krónu“ skerðingu í kerfinu. Almannatryggingakerfið á að vera nægilega öflugt og traust til að fólk þurfi ekki að reiða sig á félagslega aðstoð. Í aðdraganda kosninga haustið 2016 og 2017 voru öll framboð sem eiga fulltrúa á Alþingi á 148. löggjafarþingi sammála um að afnema „krónu á móti krónu“ skerðingar.²¹

Örorku- og endurhæfingarlífeyrisþegar hafa búið við „krónu á móti krónu“ skerðingu frá september 2008. Ljóst er að löngu er orðið tímabært að afnema þessar 100% skerðingu, sem var afnumin á greiðslum til ellilífeyrisþega í byrjun árs 2017. Það er algjörlega óásættanlegt að halda fólki áfram í þeirri fátæktargildru sem fylgir 100% tekjuskerðingu þrátt fyrir að löngu sér orðið ljóst hversu mikinn skaða hún veldur lífeyrisþegum og þá sérstaklega þeim sem hafa einungis lágur tekjur annars staðar frá.

Ekki er gert ráð fyrir fjármagni til afnáms „krónu á móti krónu“ skerðingar í áætluninni

²¹ Hlusta má á svör frambjóðenda á myndbandsupptöku á youtube síðu Öryrkjabandalags Íslands: <https://www.youtube.com/watch?v=suDM0z-xPo> og <https://www.obi.is/is/utgafa/sjonvarp-obi/file/krona-a-moti-kronu-1>.

Ekki er hægt að lesa út úr fjármálaáætluninni að afnema eigi „krónu á móti krónu“ á næstu árum. Samkvæmt svari félags- og jafnréttismálaráðherra frá 18.8.2017 væri áætlaður „viðbótarkostnaður“ 11.438 ma.kr. á ári við að fella sérstaka framfærsluuppbot inn í tekjutrygginguna og þar með afnema „krónu á móti krónu“ skerðingu. Rúmlega 4 ma.kr. viðbótarframlag milli 2018 og 2019, að frádregnum „kerfislægum vexti“ virðist ætlað til að mæta útgjöldum vegna aðgerða er tengjast fjórum markmiðum undir örorka og málefni fatlaðs fólks, sem öll eru á tímaáætlun 2018-2019. Ekki er annað hægt að lesa út úr fjármálaáætluninni, en að ekki sé gert ráð fyrir fjármagni til að afnema „krónu á móti krónu“ skerðingu á tímabilinu þó svo að samstaða ríki á Alþingi um að afnema verði þessa 100% skerðingu. Landsfundur Sjálfstæðisflokksins, flokks fjármálaráðherra, ályktaði í mars sl. að „krónu á móti krónu“ skerðingu á örorkulífeyri beri að afnema nú þegar.

Tillögur að breytingum:

Lagt er til að Alþingi afgreiði og samþykki frumvarp (þskj. 39. 39. mál) sem er hjá velferðarnefnd alþingis og er markmiðið með frumvarpinu að afnema „krónu á móti krónu“ skerðingu.

Lagt er til að fjárlaganefnd tryggi fjármagn til afnáms „krónu á móti krónu“ skerðingar.

Reglugerðarákvæði kemur í veg fyrir að öllum lífeyrisþegum sé tryggð lágmarksfjárhæð til framfærslu - 50 manns með undir 80 þúsund á mánuði

Í fjármálaáætluninni kemur fram að einnig sé „mikilvægt að leita leiða til að bæta stöðu fólks með skerta starfsgetu, sem býr á Íslandi en á lítil réttindi í almannatryggingum hér á landi vegna búsetu erlendis, t.d. innflytjenda.“²² ÖBÍ hefur ítrekað lýst yfir miklum áhyggjum vegna stöðu lífeyrisþega sem búa við skertar greiðslur almannatrygginga vegna fyrri búsetu erlendis og fá engar greiðslur erlendis frá. Þeir þurfa að reiða sig á heildartekjur sem eru langt undir öllum tekjuviðmiðum, þar með talið framfærsluviðmiðum skv. lögum um félagslega aðstoð. Í nóvember 2016 voru 50 lífeyrisþegar með heildartekjur **undir 80.000 kr.** og 171 með heildartekjur undir **130.000 kr.**²³ Hér er því um fámennan hóp fólks að ræða sem býr við mjög kröpp kjör og eru þessir einstaklingar því upp á aðra komnir.²⁴ Á hverju ári fjölgar í hópi lífeyrisþega með hlutfallslegar greiðslur vegna fyrri búsetu erlendis.

Tillaga að breytingu:

Lagt er til að lögfesta reglu um að allir, sem eiga rétt á sérstakri framfærsluuppbot, fái hana greidda án tillits til fyrri búsetu erlendis. Tryggja þarf fjármagn til að mæta þessari breytingu, sem mun nýtast lífeyrisþegum með lægstu heildartekjurnar.

Desember- og orlofsuppbætur


Desemberuppbot til lífeyrisþega hefur hækkað mun minna en hjá launþegum og atvinnulausum og er upphæðin mun lægri eins og sjá má á mynd 2.

²² Blaðsíða 342

²³ Fjöldatölurnar má finna í svari félags- og jafnréttismálaráðherra við fyrirspurn: <http://www.althingi.is/alttext/pdf/146/s/0274.pdf>

²⁴ Nýlega var lögð fram skrifleg fyrirspurn til félags- og jafnréttismálaráðherra um nýjar tölulegar upplýsingar: <http://www.althingi.is/alttext/148/s/0934.html>

Mynd 2.



Skýringar með mynd:

Desemberuppbót fyrir lífeyrisþega sem ekki fá greidda heimilisuppbót.

Desemberuppbót skv. kjarasamningum SRF við ríkisstofnanir.

Óskert desemberuppbót til atvinnuleitenda greiðist til þeirra sem eiga fullan bótarétt og hafa verið skráðir án atvinnu í ákveðið langan tíma.

Mikilvægt er að hafa í huga að einungis hluti lífeyrisþega fær desember- og orlofsuppbætur óskertar þar sem þær eru reiknaðar sem hlutfall af tekjutryggingu og heimilisuppbót, en einungis um 30% örorkulífeyrisþega fá greidda heimilisuppbót. Á mynd 2 er desemberuppbót sýnd án heimilisuppbótar. Ef dæmi er tekið af desemberuppbót með heimilisuppbót þá er hún samt sem áður mun lægri en desemberuppbót hjá atvinnuleitanda. Lífeyrissjóðir greiða ekki orlofs- eða desemberuppbót. Hluti lífeyrisþega fær því enga eða mjög skerta desember- og orlofsuppbót.

Tillögur að breytingum:

Lagt er til að desemberuppbót til lífeyrisþega verði hækkuð þannig að óskert desemberuppbót til lífeyrisþega (án heimilisuppbótar) verði að minnsta kosti jafnhá desemberuppbót til atvinnuleitenda.

Lagt er til að ákvæði um orlofsuppbót lífeyrisþega verði endurskoðað og hækkað í samræmi við upphæð orlofsuppbótar í samningi SA og ASÍ.

Samspil „bótakerfis“, skattkerfis og annarra tekna

Í þingsályktunartillögunni sem hér er til umsagnar, kemur fram að nógildandi kerfi sé „flókið og inniheldur ekki nægilega hvata til þátttöku á vinnumarkaði vegna samspils bótakerfis, skattakerfis og launa“.²⁵

Hvernig er þessu samspili háttað?

Skattleysismörkin eru mjög lág, eða rúmlega 145 þúsund kr. á mánuði. Tekjur fyrir skatt skerða lífeyrinn og tengdar greiðslur frá TR. Þetta gildir um nær allar skattskyldar tekjur,²⁶ sem fara yfir frítekjumörkin. Hjá örorku- og endurhæfingarlífeyrisþegum sem fá greidda sérstaka uppbót til framfærslu er skerðingin enn meiri, sbr. dæmið hérna fyrir neðan:

Dæmi um mánaðarlegar greiðslur til örorkulífeyrisþega með 40.000 kr. á mánuði úr lífeyrissjóði. Örorkumat við 40 ára aldur.

2018	Með lífeyrissjóðstekjur	Með engar aðrar tekjur
Grunnlífeyrir	44.866	44.866
Aldurstengd örorkuuppbót	6.730	6.730
Tekjutrygging	138.844	143.676
Framfærsluuppbót	8.154	43.322
Samtals frá TR fyrir skatt	238.594	238.594
Lífeyrissjóðstekjur fyrir skatt	40.000	0
Samtals frá TR og lífeyrissjóði fyrir skatt	238.594	238.594
Skattar og skerðingar	74.240	34.242
Útborgað	204.354	204.354

Lífeyrissjóðstekjurnar í dæminu hérna fyrir ofan skerða greiðslur frá Tryggingastofnun ríkisins um sömu krónutölu og viðkomandi fær greitt frá lífeyrissjóði. Örorku- og endurhæfingarlífeyrisþegar sem greitt hafa lögbundið iðgjald af launatekjum sínum árum saman njóta ekki fjárhagslegs ávinnings af þessum skyldugreiðslum. Það er erfitt að sjá tilgang með lögum um skyldugreiðslur í lífeyrissjóð ef það er ekki tryggt að einstaklingurinn njóti fjárhagslegs ávinnings af greiðslunum verði hann fyrir heilsubresti áður en komið er á efri ár.

Frítekjumark vegna atvinnutekna

Í fjármálaáætluninni er ekki að finna neinar tillögur um að auka fjárhagslegan hvata fólks með skerta starfsgetu til aukinnar atvinnuþátttöku aðrar en að koma á starfsgetumati. Fram kemur að meta eigi hvernig frítekjumark vegna atvinnutekna kunni að hafa áhrif á atvinnuþátttöku þeirra sem hafa skerta starfsgetu.²⁷ Þetta vekur furðu því áhrif frítekjumarks á atvinnutekjur sem hvata til atvinnuþátttöku ættu að vera öllum ljós, þar sem frítekjumörk draga út tekjuskerðingum.

Tilhneigingin síðari ár hefur verið að draga úr vægi frítekjumarka og þar með auka skerðingar í almannatryggingum vegna annarra tekna. Frítekjumörk í lögum um almannatryggingar hafa verið óbreytt frá 2009, en þau ættu að fylgja árlegum

²⁵ Blaðsíða 342.

²⁶ Fjárhagsaðstoð sveitarfélaga skerðir engar greiðslur frá TR.

²⁷ Blaðsíða 343.

breytingum á sama hátt og lífeyrir skv. lögum um almannatryggingar. Ákvæði þess efnis þarf að koma inn í löginn. Á meðan frítekjumark vegna atvinnutekna stendur í stað og laun á vinnumarkaði hækka, þá skila launahækkanir sér ekki til örorkulífeyrisþega. Frítekjumark vegna atvinnutekna hefur verið 109.600 kr. á mánuði frá árinu 2009. Ef frítekjumark hefði hækkað árlega í samræmi við þróun launavísitölu væri upphæð þess rúmar 202 þúsund kr. á mánuði frá janúar 2018.

Einföldun kerfisins þarf ekki að þýða auknar skerðingar og minni hvata til atvinnuþátttöku

Í fjármálaáætluninni er lagt til að bótaflokkar verði sameinaðir, útreikningar einfaldaðir og að framfærsluuppbótin með „króna á móti krónu“ skerðingu verði afnumin.²⁸ ÖBÍ hefur ekki sett sig á móti því að einfalda útreikninga í almannatryggingakerfinu og lagði fram eigin tillögur í skýrslunni *Virkt samfélag: Tillögur ÖBÍ að heildstæðu kerfi starfsgetumats og framfærslu á grundvelli þess*. Útfærsla einföldunar kerfisins skiptir meginmáli, en hún má ekki vera á kostnað örorkulífeyrisþega, þ.e. að tekjur þeirra lækki og tekjuskurðingar aukast. ÖBÍ hefur talað fyrir því að fella fjárhæð framfærsluuppbótar inn í tekjutrygginguna, sem myndi bæði einfalda kerfið og gera það réttlátara. Eins og ítrekað hefur komið fram þarf slík aðgerð ekki að bíða innleiðingar starfsgetumats.

Stjórnvöld hafa ítrekað talað fyrir því að fara svipaða leið við einföldun almanna-tryggingakerfis fyrir örorkulífeyrisþega og farin var með nýju kerfi ellilífeyris, sem tók gildi 1. janúar 2017. Við breytingar á útreikningi ellilífeyris var of mikið einblínt á það markmið að einfalda kerfið og var niðurstaðan sú að skerðingarhlutfall allra skattskyldra tekna var hækkað umtalsvert²⁹ og öll frítekjumörk afnumin. Eftir breytinguna hafa hagsmunasamtök ellilífeyrisþega barist fyrir því að fá frítekjumark vegna atvinnutekna og er nú svo komið að í stað þriggja frítekjumarka áður, hafa verið innleidd tvö frítekjumörk fyrir ellilífeyri. Hávær gagnrýni er á miklar tekjutengingar sérstaklega gagnvart lífeyrissjóðstekjum. Ráðstöfunartekjur ellilífeyrisþega hækka einungis um 32.200 kr. við 100.000 kr. lífeyrissjóðstekjur á mánuði.

Í textanum um fyrirhugaðar breytingar á almannatryggingakerfinu er mjög mikilvægum spurningum um framfærslu ósvarað:

- a) Hvernig á að tryggja framfærslu einstaklinga með skerta starfsgetu, sem eiga samkvæmt nýju kerfi rétt á hlutagreiðslum en fá ekki starf við hæfi? 50% starfsgeta eða aukin starfsgeta þýðir ekki að viðkomandi fái starf við hæfi. Fólki með skerta starfsgetu reynist oft erfiðara en öðrum að fá störf við hæfi.
- b) Hvernig á að tryggja framfærslu einstaklinga sem hafa ekki nægilega starfsgetu til að geta verið á vinnumarkaði? Núverandi fjárhæðir almanna-trygginga duga engan veginn til framfærslu og boðaðar hækkanir næstu ár (3,1% til 4,3%) munu engu breyta þar um.

²⁸ Blaðsíða 343.

²⁹ Nýtt kerfi ellilífeyris – kostir og gallar. Umfjöllun Stefáns Ólafssonar frá 29.4.2017: <http://blog.pressan.is/stefano/>. „Annar galli nýju laganna sem þessu tengist er sú staðreynd að skerðingarhlutföll vegna annarra tekna eru hækkuð umtalsvert, þ.e. þegar aðrar tekjur fara yfir 25 þús. kr. frítekjumarkið. Skerðing var áður mest tæp 39% en fer nú almennt í 45% og fyrir þá sem fá heimilisuppbót skerðist hún til viðbótar um 11,9%. Þetta gildir um allar skattskyldar tekjur utan séreignasparnaðar og fjárhagsaðstoðar sveitarfélaga.“

Víxlverkun milli örorkugreiðslna almannatrygginga og lífeyrissjóða

Víxlverkun örorkulífeyris almannatrygginga og lífeyrissjóða hefur bitnað mjög illa á örorkulífeyrisþegum. Allt frá árinu 2009 hefur ÖBÍ lagt áherslu á að fundin verði framtíðarlausn á vandanum, lausn sem ver hagsmuni allra örorkulífeyrisþega. Frá árinu 2011 hefur verið sett bráðabirgðaákvæði í lög sem á að sporna gegn víxlverkuninni.

Í fjármálaáætluninni segir: „koma í veg fyrir víxlverkanir í samspli örorkubóta almannatrygginga og örorkulífeyris lífeyrissjóða.“³⁰ Ekki er ljóst hvernig því verður háttað, því í fjármálaáætluninni kemur ekkert fram um hvað stjórnvöld ætli sér að gera til að koma í veg fyrir ofangreint samspil eða hvaða fjármagn verður sett inn til að gera fyrirhugaðar breytingar.

Tillaga að breytingu:

Alþingi setji lög til að koma í veg fyrir að lífeyrissjóðir skerði greiðslur til örorkulífeyrisþega með hliðsjón af tekjum frá TR.

9. Húsnæðismál

Í fjármálaáætluninni³¹ kemur fram að málefnasviðið húsnæðisstuðningur taki til ólíkra búsetuforma og „því sé ætlað að stuðla að því að landsmenn hafi raunverulegt val um búsetuform og öryggi í húsnæðismálum í samræmi við þarfir hvers og eins, m.a. vegna lágra launa, þarfa fyrir sérútbúið húsnæði og annarra félagslegra aðstæðna.“³² Húsaleiga hefur hækkað um 82% að jafnaði frá árinu 2011 en á sama tímabili hefur launavísitalan hækkað um 67% og óskertur lífeyrir almannatrygginga um 41%. Mikill skortur er á leiguhúsnæði. Þá má nefna að félagslegum íbúðum hefur fækkað um helming frá árinu 1995. Um 1600 manns bíða eftir félagslegu leiguhúsnæði hjá sveitarfélögum og um 650 örorkulífeyrisþegar eru á biðlista hjá Brynju hússjóði. „Ein afleiðingin af skorti á húsnæði er að lægri tekjuhóparnir í samfélaginu búa við lítið húsnæðisöryggi og takmarkað fjárhagslegt svigrúm vegna hás húsnæðiskostnaðar. Fólkið á bakvið súluritin í skýrslunni er að stóru leyti fjölskyldufólk sem eyðir um helmingnum af tekjum sínum eftir skatt í leigu. Þá eru öll önnur útgjöld heimilisins eftir.“³³ Á sama tíma boða stjórnvöld mikinn niðurskurð í húsnæðisstuðningi í fjármálaáætlun til næstu fimm ára. Útgjöld til húsnæðisstuðnings voru 13.393 ma. kr. á fjárlögum 2018 en eiga að fara niður í 11.727 ma. kr. árið 2023. Þessi stefna er óskiljanleg í ljósi stöðu lágtekjufólks á húsnæðismarkaði og rímar engan veginn við markmið málaflöksins eða eftirfarandi texta í fjármálaáætluninni: „*Hvað félagslegar umbætur varðar er áhersla lögð á að skilgreina og komast að sameiginlegum skilningi á þýðingu félagslegs stöðugleika. Í þessu sambandi verður áhersla m.a. lögð á húsnæðismál.*“³⁴

Kaupmáttaraukning nær engin

Kaupmáttur miðgildis heildartekna örorkulífeyrisþega síðustu ár hefur verið nær enginn. Fyrirhugaðar hækkanir lífeyris almannatrygginga um 3,1% til 4,3% næstu árin,

³⁰ Blaðsíða 345.

³¹ Blaðsíða 27.

³² Blaðsíða 372.

³³ <http://ils.is/um-okkur/frettir/frett/2018/05/02/Dyrari-leiga-hja-laglaunafolki-a-Islandi-en-a-Nordurlondunum/>

³⁴ Blaðsíða 32.

samkvæmt fjármálaáætluninni, þýðir að kaupmáttaraukning verður engin hjá örorkulífeyrisþegum. Á sama tíma má vænta þess að húsnæðis-kostnaður muni aukast verulega, sérstaklega hjá einstaklingum í leiguhúsnæði. Því er spurt hvernig örorkulífeyrisþegar eigi að geta átt þak yfir höfuðið? Hvernig ætla ráðamenn að sjá til þess að dæmið gangi upp?

Húsnæðisstaða örorkulífeyrisþega

Staða örorkulífeyrisþega í eigin húsnæði er oft á tíðum einnig mjög erfið, jafnvel þó að greiðslubyrði vegna húsnæðislána sé lægri en leiga. Þröngur fjárhagur samhliða því að fá engan opinberan stuðning vegna húsnæðis gerir lágtekjufólki mjög erfitt um vik að halda í eigið húsnæði. Ef við bætist viðhaldskostnaður vegna húsnæðis getur slíkur aukakostnaður orðið til þess að fólk missi húsnæðið.

Lágtekjufólk fer á mis við vaxtabætur

Vaxtabótakerfið hefur reynst nauðsynlegt til að koma til móts við tekjulága einstaklinga. Hópur lágtekjufólks, þar með talið örorkulífeyrisþegar, hefur á síðustu árum ekki fengið greiddar vaxtabætur þrátt fyrir að greiða af húsnæðislánum. Tekjuskerðing vegna vaxtabóta jókst úr 6% (árið 2010) í 8,5% (árið 2014). Eignastofninn var lækkaður um nær helming árið 2011 og var óbreyttur í fimm ár, en hann var hækkaður lítillega í byrjun árs 2017. Hins vegar hefur fasteignamat almennt hækkað mikið síðustu ár, sérstaklega á höfuðborgarsvæðinu, og hækkaði um 13,8% á árinu 2018. Hækkunir eignastofna hafa ekki verið í neinu samræmi við hækkun fasteignamats og -verðs. Afleiðingin er sú að fækkað hefur mikið í hópi þeirra sem fá greiddar vaxtabætur og á það einnig við um lágtekjufólk. Eigið fé í fasteign skiptir í raun ekki máli ef ráðstöfunarfé stendur ekki undir framfærslu.

Við þessu verður ríkisvaldið að bregðast með markvissum aðgerðum. t.d. með því að hækka eignastofna og draga út tekjuskerðingum.³⁵ Í fjármálaáætluninni segir að húsnæðisstuðningur í formi vaxtabóta verði að raungildi óbreyttur út áætlunartímann. Framlög til vaxtabóta voru lækkuð um rúma 2 milljarða kr. með fjárlögum 2018. Gert er ráð fyrir áframhaldandi lækkun næstu árin og að framlög til vaxtabóta verði komin niður í rúma 3,5 milljarða kr. árið 2020 en þau voru rúmlega 6 milljarðar árið 2017.³⁶

Tillögur að breytingum:

Lagt er til að reiknað verði út hversu mikið fasteignamat hefur hækkað frá árinu 2010 og eignamörk vaxtabóta hækkuð í samræmi við þá hækkun.

Þá er einnig lagt til að lögfest verði að eignastofn fyrir vaxtabætur hækki árlega í samræmi við þróun fasteignamats.

Enn fremur er lagt til að tekjuviðmið verði hækkuð, en vaxtabætur til einstaklings með 4.000.000 kr. árstekjur, skerðast um 340.000 kr. vegna tekna, sem verður að teljast veruleg skerðing af ekki hærri tekjum.

Hlutfallslega fleiri örorkulífeyrisþegar á leigumarkaði

Á Íslandi hefur löngum ríkt séreignastefna. Hlutfall fólks í eigin húsnæði hækkar talsvert með hækkandi aldri, en yngra fólk og tekjulægri einstaklingar eru líklegri til að vera á

³⁵ Vaxtabætur til einstaklings með 4.000.000 kr. árstekjur, skerðast um 340.000 kr. vegna tekna, sem verður að teljast veruleg tekjuskerðing af ekki hærri tekjum.

³⁶ Fylgirit með frumvarpi til fjárlaga 2018.

leigumarkaði. Jafnvel þó að 56% örorkulífeyrisþega séu 50-66 ára þá er húsnæðisstaða meginþorra örorkulífeyrisþega önnur en annarra þjóðfélagsþegna í sama aldurshópi. Samkvæmt nýrri könnun Íbúðalánasjóðs eru 15% launþega og 47% örorkulífeyrisþega á leigumarkaði.

Verulega íþyngjandi húsnæðiskostnaður

„Verulega íþyngjandi húsnæðiskostnaður er skilgreindur sem húsnæðiskostnaður sem nemur a.m.k. 40% af ráðstöfunartekjum heimilis.“³⁷ Íþyngjandi húsnæðiskostnaður er mun tíðari hjá tekjulágum einstaklingum. Fjöldi örorkulífeyrisþega tilheyrir báðum hópunum, þ.e. að vera tekjulág og að verja háu hlutfalli ráðstöfunartekna sinna í húsnæðiskostnað. Er hér einnig um að ræða barnafólk.

Dæmi:

Einstaklingur sem býr einn með óskertan örorkulífeyri og heimilisuppbót og greiðir 150.000 kr. í leigu á mánuði greiðir 61,7% af ráðstöfunartekjum sínum í leigu. Annar húsnæðiskostnaður, s.s. hússjóður, rafmagn og hiti er ekki tekinn inn í dæmið. Með húsnæðisbótum lækkar hlutfallið í 54,4%.

Húsnæðisbætur

Í lögum um húsnæðisbætur nr. 75/2016 er ákvæði um að grunnfjárhæðir, eigna- og tekjumörk eigi að koma til endurskoðunar við afgreiðslu fjárlaga ár hvert með tilliti til þróunar launa, verðlags og efnahagsmála. Ekki er hægt að sjá í fjármálaáætluninni að gert sé ráð fyrir fjármagni til að hækka árlega ofangreind viðmið og fjárhæðir, þannig að viðmiðin fylgi til að mynda þróun launa eða bóta.

Tillaga að breytingu:

Lagt er til að viðmið og upphæðir húsnæðisbóta hækki árlega í samræmi við launaþróun.

10. Sveitarfélög og byggðamál

Sjálfstætt líf

Afar erfitt er að veita umsögn við fjármálaáætlun stjórnvalda sem ekki er fram sett með sundurgreindum hætti. Að því sögðu eru eftirfarandi atriði á mælisverð hvað varðar rétt fatlaðs fólks til sjálfstæðs lífs og úthlutun fjármagns til þess að raungera réttinn.

Óheimilt er og ólíðandi að setja kvóta á mannréttindi. Fella þarf úr gildi bráðabirgða-ákvæði laga um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir sem kveður á um takmörkun á rétti til sjálfstæðs lífs á grundvelli fjárhæðar.

Alþingi samþykkti, í þverpólitískri sátt, nýverið lög um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir. Uppfæra þarf alla þjónustu við fatlað fólk í takt við nýju lögini þar sem gert er ráð fyrir hærra þjónustustigi en í gömlu lögunum og að komið sé betur til móts við þarfir fatlaðs fólks til dæmis varðandi fjölskyldulíf, tómstundir og þátttöku í samfélaginu.

³⁷ Félagsvísar: Byrði húsnæðiskostnaðar 2014. Hagstofu Íslands.

Af fjármálaáætlun að sjá er ekki hægt að greina að gert sé ráð fyrir verulegri aukningu á fjármagni vegna laganna, nema til tiltekinna þátta sem getið er um í greinargerð með frumvarpinu og nægir ekki til að uppfylla skyldu opinberra aðila sem skapast með lögunum.

Vakna í þessu tilefni áhyggjur af því að Alþingi geri sér ekki grein fyrir þeirri réttarbót og þjónustuaukningu sem felst í frumvarpinu. Þetta er mikilvægt að laga snarlega svo ekki skapist óþarfa núningur á milli notenda og sveitarfélaga. Mikilvægt er að ríkið komi sem mest til móts við sveitarfélög hvað varðar kostnað við NPA þjónustu til að útrýma mögulegri mismunun á grundvelli búsetu.

Þessu til viðbótar er á það bent að lögfesta þarf rétt til túlkþjónustu eins og hentar þörfum hvers og eins og tryggja að fjármunir fylgi með. Ekki er að sjá í fjármálaáætluninni að þessi framlög hafi verið aukin í samræmi við fyrirliggjandi þarfir.

Tillaga að breytingu:

Aukafjármagn ríkisins upp á 300 milljónir árlega myndi tryggja lagalegan rétt fólks til NPA.

11. Menntun

Leikskóla- og grunnskólastig

Meginmarkmið ríkisins á leik- og grunnskólastigi er að einstaklingar hafi jöfn tækifæri til fjölbreytts náms. Bundið er í lög að nemendur með sérþarfir skulu hafa jöfn tækifæri og jafnan rétt til náms og njóta til þess viðeigandi stuðnings. Jafnframt eru íslensk stjórnvöld skuldbundin til þess að veita og tryggja sömu þjónustu og réttindi skv. alþjóðasamningum, sbr. 24. gr. SRFF. Dæmi eru um að fötluð börn og börn með sérþarfir fái ekki viðeigandi stuðning í námi þrátt fyrir að hann sé lögbundinn. Samkvæmt stjórnarsáttmálanum boðar ríkisstjórnin til stórsóknar í menntamálum með hagsmuni nemenda og þjóðarinnar að leiðarljósi en ekki er að sjá að fjármagn fylgi þeim fyrirheitum.

Í fjármálaáætluninni kemur fram að samkvæmt mannfjöldaspá muni fjöldi nemenda við leik- og grunnskóla fara úr 72.344 nemendum á þessu ári í 77.801 árið 2022. Það er því mikið áhyggjuefni að lækka eigi útgjöld til þessa mikilvæga málaflokks.

Undanfarin ár hefur áhersla verið lögð á að námsefni samræmist kröfum aðalnámskrár, eflingu námsefnis á táknmáli og að námsgögn taki mið af margbreytileika nemendahópsins. Það er jafnframt mikilvægt að áhersla verði lögð á að útgáfa námsefnis fyrir aðra hópa nemenda með fötlun eða skerðingar verði efl.

Árið 2017 var skipaður stýrihópur til að móta aðgerðaráætlun á grundvelli úttektar á innleiðingu hugmyndafræðinnar um menntun án aðgreiningar í leik-, grunn- og framhaldsskólum. Niðurstaðan var að löggjöf og stefnumótun fræðsluyfirvalda styðja við markmið og áherslur um menntun án aðgreiningar og eru í samræmi við alþjóðlega sáttmála og samninga sem Ísland hefur undirgengist. Við umbætur á menntakerfinu skipti höfuðmáli að endurskoða úthlutun fjármagnsins svo að það styðji við stefnuna.

Mikilvægt er að auka menntunarmöguleika fatlaðra barna og ungmenna þannig að allir fái jöfn tækifæri til náms sem hæfir áhugasviði hvers og eins. Slíkt eykur meiri og fjölbreyttari atvinnumöguleika og samfélagslega þátttöku.

Tillögur að breytingum:

Lagt er til að auknum fjármunum verði varið til menntunar fatlaðra barna og ungmenna ásamt börnum og ungmönnum með sérþarfir til að þau fái sömu tækifæri til jafns við aðra.

Lagt er til að við stefnumótun á námsgögnum og endurskoðun á lögum nr. 71/2007 um námsgögn verði haft samráð við hagsmunaaðila til að tryggja að námsgögn séu á fjölbreyttu formi og komi til móts við margbreytileika nemenda í leik- og grunnskólum landsins. Vert er að benda á skyldur sem íslenska ríkið hefur undirgengist en þær snúa að því að ríkið eigi að hafa náðið samráð við fatlað fólk og hagsmunasamtök þess, sbr. 3. mgr. 4. gr. SRFF.

Lagt er til að eftirlit verði með því fjármagni sem ætlað er fötluðum nemendum og nemendum með sérþarfir til að tryggja menntun þeirra og viðeigandi aðlögun í skólakerfinu.

Framhaldsskólar

Nauðsynlegt er að auka menntunarmöguleika þessa hóps þannig að allir fái jöfn tækifæri til náms sem hæfir áhugasviði hvers og eins. Slíkt eykur möguleika á fjölbreyttari atvinnu og samfélagslegri þátttöku. Athygli vekur að lögð er áhersla á að nemendur ljúki prófi úr framhaldsskóla á tilsettum tíma en slíkt getur reynst nemendum með sérþarfir erfitt. Ekki er að sjá að framlag til sérkennslu og stuðnings sé aukið til að koma til móts við auknar kröfur í þessa veru. Einnig er gert ráð fyrir að framlag fyrir hvern ársnemanda í framhaldsskólum hækki en með því minnkar í raun fjárveiting fyrir hvern nemanda sem vegna fötlunar eða sérþarfa getur ekki lokið þeim einingum sem þarf.

Í áætluninni kemur fram að brotthvarf sé í kringum 25%. Meðal þeirra aðgerða sem stefnt er að til að vinna gegn brotthvarfi úr framhaldsskóla er aukið aðgengi nemenda að geðheilbrigðisþjónustu. Hvergi kemur fram fjárveiting til að veita nemendum með sérþarfir viðeigandi aðlögun þrátt fyrir að leiðarljós stjórnvalda sé að tryggja jafnt aðgengi að námi og fullnægjandi stoðþjónustu.

Tillaga að breytingu:

Lagt er til að auka fjármagn í stoðþjónustu, bæta framboð að námsgögnum og ábyrgjast kennslu við hæfi með það að leiðarljósi að tryggja aðgengi að námi, viðeigandi aðlögun og jafnrétti til náms.

Háskólastig

Íslensk stjórnvöld eru skuldbundin til þess að veita og tryggja sömu þjónustu og réttindi skv. alþjóðasamningum, sbr. 24. gr. SRFF. Framboð til náms fyrir fatlaða nemendur og nemendur með sérþarfir á efri skólastigum hefur verið takmarkað og þá hefur aðgengi þeirra að námi og sértækum úrræðum verið af skornum skammti.

Í fjármálaáætluninni kemur fram að stuðla þurfi markvisst að nýsköpun og þróun í kennslu og tryggja að kennarar séu hæfir, bæði með tilliti til faglegrar þekkingar og færni til að miðla henni. Hvergi er að sjá aðgerðir sem stuðla að viðeigandi aðlögun nemenda til að tryggja jöfn tækifæri til náms.

Í áætluninni segir að til standi að endurskoða lög um Lánasjóð íslenskra námsmanna og þróa námsstyrkjakerfi, að aðgengi að háskólanámi sé óháð efnahag, búsetu og öðrum aðstæðum og sérstaklega sé gætt að kynja- og jafnréttissjónarmiðum. Til að stuðla að bættri námsframvindu er stefnt að því að nemendur sem geta sýnt fram á fulla námsframvindu eigi rétt á námsstyrk til framfærslu meðan á skólaárinu stendur. Hafa verður í huga að fatlaðir nemendur og nemendur með sérþarfir geta oft ekki stundað fullt nám. Til þess að gæta jafnréttis verður að byggja kerfið þannig upp að nemendur með sérþarfir eigi einnig rétt á námsstyrk.

Framhaldsfræðsla og menntun óflokkuð á skólastig

Í fjármálaáætlun segir að áhersla sé á vinnu við gerð nýrra laga um framhaldsfræðslu. Undir málaflokkinn falla Samskiptamiðstöð heyrnarlausra og heyrnaskertra (SHH) og Fjölmennt, símenntunarmiðstöð sem þjónar fullorðnu fötluðu fólki á grundvelli samnings við Mennta- og menningarmálaráðuneytið. Í fjármálaáætluninni kemur fram að skilgreina eigi þjónustuhlutverk miðstöðvarinnar með endurskoðun á lögum nr. 129/1990. Ekki er að sjá aukin fjárframlög til SHH þrátt fyrir að ítrekað hafi verið bent á nauðsyn þess að félagslegur túlkunarsjóður hljóti aukin fjárframlög en slíkt varðar grundvallarmannréttindi þeirra sem þurfa á táknmálstúlkun og rittúlkun að halda svo þeir geti lifað og starfað í samfélaginu til jafns við aðra. Í þessu samhengi má benda á mikilvægi 9. gr., 21. gr. og 24. gr. SRFF sem fjalla um aðgengi í víðu samhengi, réttinn til tjáningar og skoðanafrelsis og aðgengi að upplýsingum og réttinn til menntunar.

Tillögur að breytingum:

Lagt er til að í nýjum lögum um framhaldsfræðslu verði réttindi fatlaðs fólks tryggð til fullorðins- og framhaldsfræðslu.

Lagt er til að framlög verði aukin til málefnasviðanna sem að ofan greinir þannig að ríkið uppfylli viðeigandi ákvæði í SRFF og veiti fötluðu fólki, börnum og fullorðnum sömu tækifæri til jafns við aðra þegna.

Lagt er til að rittúlkar geti einnig sótt í félagslegan túlkunarsjóð sem SHH hefur umsjón með. Án þess hafa heyrnarskertir ekki sömu möguleika á þátttöku í samfélaginu og heyrnarlausir.

12. Vinnumarkaður og atvinnuleysi

Atvinnumál fatlaðs fólks er á ábyrgð Vinnumálastofnunar.

Meginmarkmið málefnasviðsins er að flestir geti verið virkir þátttakendur á vinnumarkaði til að sjá sér og sínum farborða án tillits til aldurs, búsetu, fötlunar eða skertrar starfsgetu. Í því skyni hefur frumvarp til laga um jafna meðferð á vinnumarkaði verið lagt fram á Alþingi sem hefur það markmið að þátttakendum á vinnumarkaði verði ekki mismunað, hvorki beint né óbeint, svo sem á grundvelli fötlunar, skertrar starfsgetu, aldurs, kynþáttar, þjóðernisuppruna, trúar, lífsskoðunar, kynhneigðar,

kynvitundar eða annarra þátta. Markmiðið er jafnframt að stuðla að virkri þátttöku sem flestra á vinnumarkaði og skapa aðgengilegan vinnumarkað fyrir alla einstaklinga. Almenn þátttaka á vinnumarkaði er ein þýðingarmesta leiðin til þess að koma í veg fyrir fátækt, vanlíðan og félagslega einangrun. Til þess að stuðla að virkri þátttöku verður hvatning til þess að sækja atvinnu að vera til staðar. Vinnumarkaðurinn verður að vera undir það búinn að geta tekið á móti einstaklingum með skerta starfsgetu og á móti fötluðu fólki. Viðeigandi aðlögun (e. reasonable accommodation)³⁸ þarf að vera fyrir hendi til þess að mæta þörfum þessara einstaklinga. Ekki er nóg að hvetja einstaklinga til að fara á atvinnumarkaðinn heldur verður vinnumarkaðurinn að vera móttækilegur og undirbúinn til að mæta mismunandi þörfum og veita viðeigandi stuðning og aðlögun.

Atvinnuþátttaka fatlaðs fólks er almennt minni en annarra og hefur fötluðu fólki reynst erfiðara að fá störf. Samkvæmt rannsókn frá október 2016 kemur fram að stærsta hindrun fólks við að taka skrefið út á vinnumarkaðinn er að finna ekki starf við hæfi vegna skerðingar sinnar. Í fjármálaáætluninni kemur fram að stefna stjórnvalda sé að flestir geti verið virkir á vinnumarkaði og að mikilvægt sé að auðvelda fólki með skerta starfsgetu og fötluðu fólki aðgengi að vinnumarkaðnum. Í því samhengi eru vinnusamningar öryrkja og atvinna með stuðningi nefnd sem dæmi um vinnumarkaðsúrræði. Hafa verður í huga að ein leið hentar alls ekki öllum. Finna verður nýjar og vel ígrundaðar leiðir til þess að atvinnulífið taki við sér og bjóði upp á fjölbreytt störf. Í mörgum tilvikum henta vinnusamningar öryrkjum en það á alls ekki við um alla. Í 27. gr. SRFF um atvinnumál segir að aðildarríki viðurkenni rétt fatlaðs fólks, til jafns við aðra, til vinnu en í því felst réttur til að fá ráðrúm til að afla sér lífsviðurværis **með vinnu að eigin vali** sem er þegin á frjálsan hátt á vinnumarkaði og í vinnuumhverfi sem fötluðu fólki stendur opið, er án aðgreiningar og er því aðgengilegt. Það er því mikilvægt, ef markmiðið er að hvetja fatlað fólk til þátttöku á vinnumarkaði, að þeim standi til boða vinna við hæfi, að vali einstaklingins og sem tengist menntun og reynslu.

Í áætluninni kemur fram að ein helsta áskorun vinnumarkaðarins sé aðbúnaður, hollustuhættir og öryggi á vinnustöðum. Atvinnutengdir sjúkdómar og geðraskanir eru helsta orsök örorku á Íslandi. Fram kemur að óhófleg streita á vinnustöðum sé til þess fallin að auka líkur á heilsutjóni. Bent er á mikilvægi vinnuverndar inni á vinnustöðum í því skyni að draga úr stoðkerfissjúkdómum og geðröskunum sem rekja má til vinnuaðstæðna. Ábyrgðin á vinnuvernd er öll sett á samfélagið þrátt fyrir að einnig komi fram að reynsla annarra þjóða sé að vinnuvernd þurfi að fylgja eftir með eftirliti og fundarhöldum. Ekki er að sjá aukafjármagn til Vinnueftirlitsins til að sinna forvarnarstarfi, eftirliti og leiðbeiningum til að draga úr neikvæðum áhrifum á líkamlega og andlega heilsu og líðan starfsmanna.

³⁸ Viðeigandi aðlögun (e. reasonable accommodation) “The concept must be understood as referring to the elimination of the various barriers that hinder the full and effective participation of persons with disabilities in professional life on an equal basis with others”, sjá niðurstöðu Evrópudómstólsins í máli Ring og Skouboe Werge C-335/11 and C-337/11.

Sjá einnig niðurstöðu Mannréttindadómstóls Evrópu í máli Cam gegn Turkey, málsnúmer 51500/08, para 65: „The Court considers that Article 14 of the Convention must be read in the light of the requirements of those texts regarding reasonable accommodation – understood as “necessary and appropriate modification and adjustments not imposing a disproportionate or undue burden, where needed in a particular case” – which persons with disabilities are entitled to expect in order to ensure “the enjoyment or exercise on an equal basis with others of all human rights and fundamental freedoms” (Article 2 of the Convention on the Rights of Persons with Disabilities ...). Such reasonable accommodation helps to correct factual inequalities which are unjustified and therefore amount to discrimination (see para 54 above).

Í stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar kemur fram að stjórnvöld ætli að skipuleggja framboð hlutastarfa hjá hinu opinbera fyrir fólk með skerta starfsgetu. Í fjármálaáætluninni kemur fram að hefja eigi átak til að finna störf fyrir fólk með skerta starfsgetu. Nauðsynlegt er að þau hlutastörf sem hið opinbera ætlar að bjóða skv. stjórnarsáttmál- anum og þau störf sem átakið mun skila séu þverskurður af störfum í samfélaginu. Til þess að ofangreind markmið ná fram að ganga þarf hið opinbera og vinnumarkaðurinn að vera tilbúin til að ráða fatlað fólk og fólk með skerta starfsgetu m.t.t. viðeigandi aðlögunar þeirra sem þurfa á að halda.

Tillaga að breytingu:

Lagt er til að reglur um vinnusamning öryrkja verði endurskoðaðar með það að markmiði að koma í veg fyrir þær skerðingar sem fólk sem kýs að nýta sér vinnusamning verður fyrir. Dæmi eru um að núverandi reglur hamli eðlilegri starfsþróun og komi í veg fyrir eðlilega launapróun.

Þegar talað er um viðeigandi aðlögun þá er meðal annars átt við sveigjanleika í vinnutíma, stuðning á vinnustað og hjálpartæki. Mikilvægt er að ríkið tryggi þætti sem varða viðeigandi aðlögun og kosti að fullu hjálpartæki. Lagt er til að fjármunir verði settir í sjóð til að greiða fyrir sértækan kostnað til að tryggja viðeigandi aðlögun.

13. Skatta-, eigna- og fjármálaumsýsla

Í fjármálaáætluninni er því haldið fram að breytingar á skattaumhverfinu á undanförunum árum hafi verið til hagsbóta fyrir einstaklinga og stuðlað að verulegri kaupmáttaraukningu ráðstöfunartekna. Þetta á ekki við um örorkulífeyrisþega og annað lágtekjufólk. Ein helsta niðurstaða nýlegrar skýrslu ASÍ³⁹ og úttektar fræðimanna í ritinu *Ójöfnuður á Íslandi*⁴⁰ er að skattbyrði hefur aukist í öllum tekjuhópum á tímabilinu frá 1998-2016 og mest hjá þeim tekjulægstu. Skattprósentan í lægra/lægsta skattþrepinu lækkaði lítillega frá árinu 2013 (um 0,38%),⁴¹ á meðan skattprósentan í miðþrepinu lækkaði meira (um 1,87%). Mikil aukning hefur verið á skattbyrði frá árinu 1998. Eins og fram kemur í nýrri skýrslu ASÍ hefur skattbyrði aukist langmest hjá tekjulægstu hópunum.

Ein af meginástæðum aukinnar skattbyrði, einkum lágtekjufólks, er að persónuafsláttur hefur ekki fylgt launþróun. Persónuafsláttur hefur mest áhrif á þá tekjulægstu þar sem um fasta upphæð er að ræða. Því yrði veruleg hækkun hans mikil kjarabót fyrir lágtekjufólk. Í fjármálaáætluninni er hins vegar ekki gert ráð fyrir hækkun persónuafsláttar umfram lögbundna verðlagsuppfærslu⁴² hans.

Persónuafsláttur árið 2018 er 53.895 kr. Ef hann hefði fylgt launavísitölu, sem var tekin upp árið 1989, væri upphæð hans 112.904 kr. á mánuði⁴³ vegna ársins 2018 og skattleysismörk 305.650 kr. á mánuði. Þess í stað eru mánaðartekjur umfram tæplega 145 þúsund kr. skattlagðar. Einstaklingur með 200 þúsund kr. tekjur á mánuði greiðir tæpar 20 þúsund kr. í staðgreiðslu.

ÖBÍ leggur áherslu á að hækkun persónuafsláttar nýtist lágtekjufólki mun betur en lækkun skattprósentu í lægra skattþrepi. Hækkun persónuafsláttar er einföld og skilvirk leið til að bæta kjör hinna lægst launuðu, eykur jöfnuð og flækir ekki skattkerfið. Árið 2018 greiða skattgreiðendur tekjuskatt af tekjum yfir 145.945 kr. á mánuði.⁴⁴

Lækkun skattprósentu viðheldur ójöfnuði.

Í fjármálaáætluninni er hins vegar gert ráð fyrir 1% lækkun skattprósentu í neðra skattþrepi. Slík lækkun þýðir að lífeyrisþegi með óskertan lífeyri fengi tæplega 2.400 kr. lækkun á meðan launþegi með rúmar 839 þúsund kr. á mánuði fengi tæplega 9.000 kr. lækkun. Þessi aðgerð viðheldur ójöfnuði.

Tillögur að breytingum:

Lagt er til að mánaðartekjur einstaklinga undir 300.000 kr. verði undanþegnar tekjuskatti.

Lagt er til að uppbótargreiðslur á lífeyri⁴⁵ og uppbót til hreyfihamlaðra vegna reksturs bifreiða verði undanþegnar skatti enda er um greiðslur að ræða vegna útlagðs kostnaðar eða viðbótarkostnaðar vegna fötlunar eða skerðingar.

³⁹ Skattbyrði launafólks 1998 – 2016. Hagdeild ASÍ, ágúst 2017.

⁴⁰ Ójöfnuður á Íslandi: Skipting tekna & eigna í fjölbjóðlegu samhengi. Stefán Ólafsson og Arnaldur Sölvi Kristjánsson. 2018.

⁴¹ Árið 2013 var prósentan 37,32%, lækkuð í 37,13% árið 2016 og 36,94% árið 2017.

⁴² 67. gr. A laga um tekjuskatt nr. 90/2003.

⁴³ Uppreiknað til desember 2017.

⁴⁴ Ef tekið er tillit til 4% iðgjalds í lífeyrissjóð er upphæðin 151.978 kr. á mánuði.

⁴⁵ Dæmi um uppbætur á lífeyri vegna útlagðs kostnaðar má nefna: Kaup á heyrnartækjum, lyfjum, rafmagnskostnaður vegna súrefnissíu og umönnun í heimahúsi.

Barnabætur

Barnabætur hafa mikilvægu hlutverki að gegna í lífi barnafjölskyldna og þar á meðal í lífi örorkulífeyrisþega með börn. Tilgangur barnabóta er að tryggja öllum börnum skilyrði til eðlilegs lífs. Í nýlegum rannsóknum hefur komið fram að þúsundir barna á Íslandi lifa við skort. Ríkisvaldið hefur skyldum að gegna gagnvart þessum börnum og verður löggjafinn því að grípa til markvissra aðgerða sem skila árangri í baráttunni gegn fátækt. Almenn hækkun barnabóta gæti verið jákvæð leið til þess að tryggja rétt allra barna.

Tillögur að breytingum:

Lagt er til að viðmiðunarfjárhæð fyrir einstæða foreldra fyrir barnabætur árið 2019 hækki í 3.600.000 kr. (300.000 kr. á mánuði og verði ekki undir lágmarkslaunum árið 2018) og sambærileg hækkun verði fyrir hjón/sambýlisfólk.

Lagt er til að lögfesta ákvæði um að tekjuviðmið barnabóta hækki í samræmi við hækkun launavísitölu tólf undangenginna mánaða.

Endurskoðun greiðslna með börnum

Ein af aðgerðum undir fjölskyldumál er að endurskoða greiðslur almannatryggingakerfisins með börnum „til að barnabætur, barnalífeyrir og aðrar greiðslur vegna barna komi betur á mótis við þarfir tekjulágra barnafjölskyldna sem og til að minnka skerðingar vegna samspils bótakerfa, skattkerfis og atvinnutekna.“

Árið 2009 voru uppi hugmyndir um að innleiða nýtt kerfi „barnatrygginga“ sem átti að taka yfir ofangreindar greiðslur vegna barna. Ef af þeirri innleiðingu hefði orðið, hefði það haft í för með sér að greiðslur til lífeyrisþega vegna barna hefðu lækkað. Lífeyrisþegar voru eini hópurinn sem hefði orðið fyrir skerðingum, ef hugmyndirnar hefðu orðið að veruleika. Rík áhersla er lögð á að auknu fjármagni verði varið í nýtt kerfi, ef af því verður, til að tryggja að allir tekjulágir einstaklingar með börn séu betur settir eftir breytinguna. Í fylgiriti með fjárlögum 2018 eiga heildarútgjöld vegna barnalífeyris að vera þau sömu árin 2018, 2019 og 2020, sem þýðir að hvorki er gert ráð fyrir fjölgun eða hækkun barnalífeyris næstu árin.

14. Grunnskrár og upplýsingamál

Í SRFF er lögð sú skylda á að ríki safni saman upplýsingum, sbr. 21. gr. SRFF, til þess að tryggja að stjórnvöld eigi auðveldara með að taka upplýstar ákvarðanir. Þrátt fyrir fullgildingu SRFF er ekki að sjá að fjármálaáætlunin beri þess merki að ríkið ætli sér að uppfylla ofangreindar skyldur.

Einnig verður að hafa hér í huga að réttur til aðgengilegra upplýsinga er tryggður með 21. gr. SRFF. Þar er lykilatriði að efni sé á viðeigandi formi og skiljanlegt.

Tillaga að breytingu:

Lagt er til að fjármagn verði tryggt til greiningar á því til hvaða úrbóta ríkið þurfi að grípa í því skyni að uppfylla skuldbindingu sína, sbr. viðeigandi ákvæði SRFF um upplýsingamál. Þar þarf að líta til stofnana líkt og Hagstofu Íslands og Þjóðskrár svo einhverjar séu nefndar.

15. Nýsköpun, rannsóknir og markaðsmál

Samkvæmt 27. gr. SRFF er lögð sú skylda á ríkisvaldið að vinna að fjölgun tækifæra fatlaðs fólks til að starfa sjálfstætt, stunda frumkvöðlastarfsemi, þróa samvinnufélög og stofna eigin fyrirtæki. Þrátt fyrir fullgildingu SRFF er ekki að sjá að tekið hafi verið tillit til samningsins þegar texti fjármálaáætlunarinnar var skrifaður.

Nýsköpunarmiðstöð ætti til að mynda að veita fötluðu fólki viðeigandi aðlögun og aðstoð við umsóknarferli til nýsköpunarverkefna og tengda vinnu.

Tillaga að breytingu:

Lagt er til að fjármagn verði tryggt til að íslenska ríkið geti fullnægt skyldum sínum samkvæmt samningnum. Má þar líta sérstaklega til Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands og annarra aðila sem vinna að frumkvöðlastarfi fatlaðs fólks. Að stofnaður verði sjóður til að veita lán til nýsköpunarverkefna og frumkvöðlastarfsemi fyrir einstaklinga með örorkumat í gildi. Fyrirmyndir að sambærilegum lánasjóðum má m.a. sækja til sjóðs atvinnumála kvenna á vegum velferðarráðuneytis og annarra sem hafa samskonar fyrirkomulag og skilyrði.

Að lokum

Vonast er til að tekið verði tillit til tillagna ÖBÍ við gerð fjárlaga og eða fjáraukalaga. Þá eru þingmenn hvattir til að horfa á þau mál sem eru til umfjöllunar á Alþingi, er varða fjárlög sem og önnur lög, með fötlunarglæraugum. Vakin er athygli á því að samfélagið allt, gerð þess, hin ýmsu opinberu kerfi sem og einkageirinn eiga við um fatlað fólk en ekki einvörðungu velferðar- og félagskerfi. Því er mikilvægt að heildarsamtök fatlaðs fólks eigi aðkomu að nefndum og ráðum á vegum allra ráðuneyta, þannig verður að horfa til jafnréttis fatlaðs fólks við skipanir í slíkar nefndir ásamt kynjahlutföllum sem er almennt orðið að venju.

Að lokum vil ég hvetja þingmenn til að leita til ÖBÍ ef málefni þarfnast frekari útskýringa enda erum við ávallt reiðubúin til ráðgjafar og samstarfs um málefni er varða sköpun betra samfélags fyrir alla.

Ekkert um okkur án okkar.

Virðingarfyllst,



Þuríður Harpa Sigurðardóttir,
formaður ÖBÍ.